

Allianz Lebensversicherungs AG

Skilmálar Ævilífeyrir Allianz*

Ágæti viðskiptavinar.

Eftirfarandi er þýðing á tryggingarskilmálum Allianz (E70) Leben (líf-og lífeyristryggingar). Þýðandi er Veturliði Guðnason, lögg. skjalabýðandi í þýsku.

Skilmálarnir kveða á um reglur fyrir ýmsa þætti. Það merkir að við tiltekna aðstæður eiga ekki öll ákvæði skilmálans við tryggingarsamning þinn (m.a. þar sem vísað er til félagatrygginga eða til hins samtryggða í skilmálanum á það ekki við Ævilífeyri Allianz)

Eftirfarandi ákvæði E-70 (Desember 2011 (23)00.12.11) eiga ekki við um Ævilífeyri Allianz:

B. Almennir tryggingarskilmálar: § 1 (2) b), § 3, § 7 (2) b) c), § 8, § 9, § 10, § 15, § 19 (1) (2) (3), § 21, § 22, § 23, § 27 (2) (3), § 28.

C. Breytingar og viðbætur við almenna tryggingarskilmála. Engar breytingar og viðbætur í lið C eiga við um Ævilífeyri Allianz.

Eftir að umsókn þín um Ævilífeyri Allianz hefur verið samþykkt í Þýskalandi berst þér í hendur tryggingarskírteini ásamt frumtexta skilmálans (blátt hefti). Á Íslandi er enn sem komið er ekki boðið upp á jafn fjölbreytta þætti og gert er í Þýskalandi og á því ekki allur textinn við Ævilífeyri Allianz. Nánari tilgreining á þáttum tryggingar þinnar kemur fram í tryggingarskírteininu.

Við viljum vekja athygli þína á að um samning þennan gilda viðeigandi ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglugerðar nr. 698/1998, um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarverndar. Inneign og tekjur vegna hennar lúta gildandi skattalögum á hverjum tíma. Að öðru leyti gilda almennir tryggingarskilmálar (E70) fyrir Leben og Renten lífeyristryggingar Allianz Lebensversicherungs-AG Þýskalandi. Skilmálar og reglur lífeyristryggingarinnar (E70) sem og ákvæði samnings þessa eru grundvöllur samnings rétthafa við Allianz Lebensversicherungs-AG Þýskalandi.

Allar frekari upplýsingar veitum við þér fúslega.

Með kveðju,

Allianz á Íslandi
Digranesvegi 1
200 Kópavogi
S: 595-3300,
fax 595-3350

Allianz Lebensversicherungs-AG

Almennir tryggingarskilmálar fyrir ellilífeyrisþáttinn: Framtíðarlífeyrir Klassík E 70

Ágæti viðskiptavinar.

Eftirfarandi skilmálar útskýra þær reglur sem gilda um samninginn.

Skilmálarnir kveða á um reglur fyrir ýmsa þætti. Það merkir að við tiltekna aðstæður eiga ekki öll eftirfarandi ákvæði við um tryggingarsamning þinn.

Í sumum samningum (t.d. samningum með sérstökum samþykktum um hvernig hagnaði skuli varið eða tryggingum innan hópsamninga) þarf að breyta eða auka við einstök ákvæði skilmálanna. Slíkar breytingar eða viðbætur eru prentaðar í lok þessara skilmála eða birtir sérstaklega í „Sérstökum skilmálum“.

Ef tryggingarsamningur þinn nær yfir fleiri þætti gilda Sérstakir skilmálar líka fyrir þá. Í Sérstöku skilmálunum er ellilífeyrisþátturinn talinn sem grunnþáttur.

Ef þú vilt spyrja einhvers eða hefur einhverjar óskir varðandi tryggingu þína skaltu snúa þér til tryggingaráðgjafa þíns eða beint til okkar.

Með kveðjum
Allianz Lebensversicherungs-AG

Efnisyfirlit:

- A Almenn um tryggingu þína
- B Almennir tryggingarskilmálar
- § 1 Hvað er tryggt?
- § 2 Hvernig öðlast þú hlutdeild í hagnaði okkar?
- § 3 Hvað gildir ef hinn samtryggti deyr meðan á biðtíma stendur ef þáttur eftirlífendalífeyris fyrir upphaf lífeyristöku er innifalinn?
- § 4 Hvenær geturðu tekið höfuðstól úr tryggingu þinni?
- § 5 Hvenær geturðu valið höfuðstól í stað lífeyris?
- § 6 Hvenær geturðu valið tímabundinn lífeyri í stað ævilangs lífeyris?
- § 7 Hvernig geturðu gert upphaf lífeyristöku eða greiðslutíma sveigjanlegan?
- § 8 Hvenær á biðtímanum geturðu bætt við eftirlífendalífeyrisþáttum án áhættukönnunar?
- § 9 Hvernig geturðu breytt greiðslum við fráfall eftir upphaf lífeyristöku?
- § 10 Hvenær geturðu innifalið tryggingarvernd fyrir umönnunartilfelli?
- § 11 Hvenær hefst tryggingarverndin?
- § 12 Hvað þarftu að hafa í huga við iðgjaldsgreiðslu?
- § 13 Hvað gildir ef þú greiðir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma?
- § 14 Hvað gildir ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma?
- § 15 Hvað gildir um iðgjaldsgreiðslu í atvinnuleysi eða skertu starfi, í fæðingarorlofi eða í starfsendurmenntun?
- § 16 Hvenær geturðu greitt viðbótargreiðslur?
- § 17 Hvernig geturðu breytt iðgjaldagreiðslutíma?
- § 18 Hvenær geturðu gert trygginguna iðgjaldsfría?
- § 19 Hvenær geturðu sagt tryggingunni upp?

- § 20 Hve lengi má koma upprunalegri tryggingarvernd á að nýju hafi hún verið iðgjaldsfrí?
- § 21 Hvað felst í tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð í skilningi laganna?
- § 22 Hvað gildir í herþjónustu, róstum eða stríði eða við notkun eða losun kjarna-, sýkla- eða efnavopna/efna?
- § 23 Hvað gildir við sjálfsvíg hins tryggða eða eins hinna tryggðu?
- § 24 Hvað ber að athuga þegar tryggingargreiðsla gjaldfellur?
- § 25 Hvað felst í tryggingarskírteininu?
- § 26 Hvað gildir um tilkynningar og yfirlýsingar sem varða tryggingarsambandið?
- § 27 Hvað gildir samkvæmt lögum ef þú tilkynnir okkur ekki um breytingar á heimilisfangi þínu eða nafni?
- § 28 Hver fær tryggingargreiðslurnar?
- § 29 Hvernig er kostnaður við samningsgerð og rekstur dreginn af iðgjöldum þínum?
- § 30 Fyrir hvaða kostnað getum við krafð þig sérstaklega um greiðslu?
- § 31 Hvaða réttarreglur gilda um samning þinn?
- § 32 Hvar er hægt að bera fram kröfur fyrir rétti?
- C Breytingar og viðbætur við Almenna tryggingarskilmála fyrir ellilífeyrisþáttinn: Framtíðarlífeyrir Klassík

A Almenn um tryggingu þína

Fyrst viljum við útskýra nokkur hugtök sem notuð eru í tryggingarskilmálunum.

Biðtími: Biðtíminn er tímabilið frá umsömdu upphafi tryggingar til umsamins upphafs lífeyristöku.

Bankavinnudagur: Bankavinnudagur í skilningi þessara skilmála er dagur sem er bankavinnudagur í Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Bótahöfuðstóll: Bótahöfuðstóll tryggingarinnar er reiknaður út samkvæmt viðurkenndum aðferðum tryggingafræðinnar út frá forsendum iðgjaldaútreikningsins. Bótahöfuðstóllinn reiknast út frá uppsöfnuðum iðgjöldum með reiknivöxtum og hugsanlega árlegri hagnaðarhlutdeild ef henni er ekki ráðstafað til að mæta áhættu og kostnaði. Hann er grundvöllur fyrir endurkaupsverð, lokagreiðslu og hlutdeild í matssjóðum.

Bótasjóður: Tryggingafélögum ber lögum samkvæmt að mynda bótasjóð fyrir kröfur tryggingartaka. Þeir samsvara þeirri fjárhæð sem reiða ber fram, til þess að unnt sé að fjármagna, ásamt framtíðariðgjöldum og vöxtum, tryggðu tryggingargreiðslurnar. Bótasjóðurinn er reiknaður út samkvæmt ákvæðum í §§ 341 e og f í verslunarlögum (HGB) og bótasjóðsreglugerðinni.

Viðeigandi gjaldskrárákvæði: Á samningstímanum getur komið til breytinga á tryggingu þinni.

Um breyttan hluta tryggingarinnar gilda gjaldskrárákvæði sem þá eru viðeigandi hverju sinni.

Í þessum gjaldskrárákvæðum eru tilgreindar þær reikniforsendur sem nota skal við iðgjaldaútreikninginn. Sem reikniforsendur teljum við frávisunarreglur af líffræðilegum toga svo sem t. d. dánartíðnitöflur, töflur um líkur á óvinnufærni og umönnunarþörf og/eða viðmiðunarvexti.

Mögulegar eru reikniforsendur

- sem við ákváðum við gerð samnings þíns
- sem giltu við síðustu breytingu
- sem við ákveðum á breytingardegi þegar samið er um nýjar tryggingar.

Aðrar reikniforsendur en giltu við samningsgerð eða við síðustu breytingu getum við því aðeins lagt til grundvallar að á breytingardegi gildi aðrar forsendur fyrir útreikning á framlögum í bótasjóðinn við gerð nýrra sambærilegra tryggingasamninga, ýmist vegna eftirlitsákvæða og/eða opinberra yfirlýsinga Þýska tryggingafræðingafélagsins (DAV).

Ef við leggjum aðrar reikniforsendur til grundvallar heldur en lágu til grundvallar við samningsgerðina, eða við síðustu breytingu, þá upplýsum við þig um það í tilkynningu um breytinguna.

Hinn samtryggði: Ef eftirlifendalífeyrir er innifalinn er hinn samtryggði sá einstaklingur sem greiða skal fyrir eftirlifendalífeyri ævilangt eftir fráfall hins tryggða.

Reikningsaldur: Reikningsaldur er aldur hins tryggða hverju sinni - og þá er aldursári sem er hafið, en ekki lokið, bætt við ef af því eru liðnir meira en 6 mánuðir.

Reiknivextir: Reiknivextir eru sú vaxtaþrósentu sem nauðsynleg er til að standa undir tryggðum greiðslum.

Tryggingartaki: Tryggingartaki í skilningi þessara skilmála er sá sem sótti um trygginguna. Hann er nefndur svo í tryggingarskírteininu.

Hinn tryggði: Hinn tryggði í skilningi þessara skilmála er sá einstaklingur, í félagatryggingum, ef ekki er kveðið á um annað, allir þeir einstaklingar, sem líftryggður/ir er/ú með samningi um ellilífeyrisþáttinn. Réttindi og skyldur sem kveðið er á um í skilmálunum eiga fyrst og fremst við um tryggingartakann sem viðsemjanda okkar.

B Almennir tryggingarskilmálar

§ 1 Hvað er tryggt?

(1) Greiðslur við lífun

Lífi hinn tryggði umsamið upphaf lífeyristöku greiðum við tryggðan lífeyri meðan hinn tryggði lifir. Til að reikna út tryggðan lífeyri notum við eigin dánartíðnitöflu fyrirtækisins „AZ 2006 R“ og ákveðum reiknivextina 1,75%. Fyrir gjaldskrár með höfuðstól við fráfall er á biðtímanum notuð eigin dánartíðnitafla fyrirtækisins „AZ 2008 T“.

Ef samið var um félagatryggingu og lífi allir hinir tryggðu umsamið upphaf lífeyristöku greiðum við tryggðan lífeyri meðan að minnsta kosti ein hinna tryggðu er á lífi.

Við greiðum lífeyrinn samkvæmt samkomulagi árlega, á hálfis árs fresti, ársfjórðungslega eða mánaðarlega, á fyrsta bankavinnudegi eftir umsamda gjalddaga.

(2) Greiðslur við fráfall fyrir upphaf lífeyristöku

a) Ef samið var um endurgreiðslu iðgjalds þá endurgreiðum við, við fráfall hins tryggða fyrir upphaf lífeyristöku, greidd iðgjöld fyrir ellilífeyrisþáttinn, án iðgjalda fyrir aðra þætti sem kunna að vera innifaldir.

b) Óháð þessum greiðslum greiðum við, við fráfall hins tryggða fyrir upphaf lífeyristöku, höfuðstól sem nemur 25.000 EUR ef andlátíð ber að höndum innan fyrstu 3 mánaðanna eftir fæðingu barns hins tryggða eða frá því að hinn tryggði ættleiðir ófullveðja einstakling.

Í félagatryggingu nægir það til að greiðsla fari fram, að ofangreindar forsendur séu fyrir hendi hjá einum hinna tryggðu.

Ef um fjölburafæðingar eða ættleiðingu fleiri en eins barns er að ræða greiðum við höfuðstólinn aðeins einu sinni. Ef þú tilkynnir okkur fæðinguna eða ættleiðinguna skriflega innan 3 mánaða lengist þessi andlátstryggingarvernd í samtals 6 mánuði.

(3) Greiðslur við fráfall eftir upphaf lífeyristöku

a) Ef samið var um útborgun höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku og ekki innifalið eftirlifendalífeyri eftir upphaf lífeyristöku og andist hinn tryggði á lífeyrisgreiðslutímanum, greiðum við umsaminn höfuðstól að frádregnum þeim lífeyri sem tryggður er frá upphafi lífeyristöku og hefur þegar verið greiddur út. Með greiðslu upphæðarinnar fellur tryggingin niður.

b) Ef samið var um útborgun höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku og ef eftirlifendalífeyrir eftir upphaf lífeyristöku er innifalinn, greiðum við umsaminn höfuðstól við andlát þess sem lengst lifir (hins tryggða eða hins samtryggða) að frádregnum einum þeim ellilífeyri sem tryggður er frá upphaf lífeyristöku fyrir hvern gjalddaga lífeyrisgreiðslu sem sá hefur lífað sem lengst lifði. Með greiðslu fjárhæðarinnar fellur tryggingin niður.

§ 2 Hvernig færð þú hlutdeild í hagnaði okkar?

Við veitum þér og öðrum tryggingartökum hlutdeild í hagnaði og matssjóðum (hagnaðarhlutdeild) samkvæmt § 153 í tryggingasamningalögum (VVG). Hagnaðurinn er reiknaður út samkvæmt reglum verslunarlaganna og tilgreindur árlega í ársuppgjöri okkar. Matssjóðir eru tilgreindir í viðauka við ársskýrslu okkar.

Upphæð hagnaðar ræðst einkum af þróun vaxta á fjármagnsmarkaði, þróun áhættu og af kostnaði. Upphæð matssjóða er einnig háð fjármagnsmarkaði. Ekki er hægt að spá fyrir um alla áhrifavalda vegna þess hve langur samningstíminn er. Þess vegna er ekki hægt að ábyrgjast hæð hagnaðarhlutdeildarinnar.

(1) Grundvallarreglur og mælikvarðar fyrir hagnaðarhlutdeild tryggingartaka

a) Hagnaðurinn fæst aðallega með tekjum af fjárfestingum. Af nettótekjum þeirra fjárfestinga sem ætlaðar eru til tryggingargreiðslna í framtíðinni, samkvæmt § 3 í reglugerð um lágmarksendurgreiðslu iðgjalds líftryggingar, fá tryggingartakar að minnsta kosti þann hluta sem tilgreindur er í reglugerðinni. Með þessari fjárhæð er fyrst fjármögnuð tryggð ávöxtun framlaganna í bótasjóð. Fjármagnstekjurnar sem þá eru eftir notum við í hagnaðarhlutdeild tryggingartaka.

Frekari hagnaður verður til ef dánartíðni og kostnaður verða hagstæðari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Af þessum hagnaði fá tryggingartakar líka að minnsta kosti þann hluta sem tilgreindur er í ofangreindri reglugerð.

b) Einstakar tryggingar leggja mis mikið til hagnaðarins. Við höfum því sett sambærilegar

tryggingar saman í flokka. Hagnaðarflokka myndum við til að taka tillit til áhættunnar sem er tryggð, t.d. andláts eða örorkuáhættu. Undirflokkar miðast við sérkenni samninga, t.d. tryggingarbyrjun og form iðgjaldsgreiðslu.

Hagnaðinum til handa tryggingartaka er deilt á einstaka flokka í samræmi við framlag flokkanna til myndunar hagnaðarins.

Þann hluta hagnaðarins sem kemur í hlut tryggingartaka leggjum við í sjóð fyrir endurgreiðslu iðgjalds, ef honum er ekki þegar úthlutað beint í formi svonefndrar beingreiðslu til trygginga sem eiga rétt á hagnaði. Hlutverk þessa sjóðs er að jafna út hagnaðarsveiflur yfir lengri tíma. Yfirleitt má aðeins nota hann fyrir hagnaðarhlutdeild tryggingartaka. Aðeins með samþykki eftirlitsyfirvalda getum við í undantekningartilfellum notað sjóðinn til að afstýra yfirvofandi neyðarástandi, til að jafna út ófyrirsjáanlegt tap eða, ef aðlaga þarf reikniforsendur vegna ófyrirsjáanlegrar og ekki aðeins tímabundinnar breytingar, til að hækka bótasjóðinn (§ 56a VAG).

c) Matssjóðir verða til þegar markaðsvirði fjárfestinga er hærra en verðgildið sem fjárfestingarnar eru bókfærðar á í efnahagsreikningi. Matssjóðirnir tryggja öryggi og hlutverk þeirra er að jafna út skammtímasveiflur á fjármagnsmarkaði. Við veitum tryggingartökum hlutdeild í þessum matssjóðum samkvæmt 3. mgr. § 153 VVG. Hlutdeildin er samkvæmt 3. setningu 3. mgr. § 153 VVG háð því skilyrði að fylgt sé eftirlitsákvæðum sem gilda fyrir okkur um fjármögnun. Verðgildi matssjóða er uppfært mánaðarlega. Verðgildinu sem þannig fæst er deilt niður á samningana samkvæmt 2. mgr.

(2) Grundvallarreglur og mælikvarðar fyrir hagnaðarhlutdeild samningsins

a) Til hvaða flokks tryggingarþáttur þinn telst má sjá í tryggingarupplýsingunum. Þessi flokkun segir til um það hvaða hlutdeild þátturinn þinn öðlast í áunnum hagnaði í byrjun hvers tryggingarárs (árleg hagnaðarhlutdeild). Auk þess getur lokahagnaðarhluti bæst við í samningslok eða við upphaf töku elli- eða eftirlifendalífeyris. Auk þess öðlast þú við samningslok eða við upphaf töku elli- eða eftirlifendalífeyris, og eins, ef um reglubundnar lífeyrisgreiðslur er að ræða, hlutdeild í matssjóðunum. Prósentur hagnaðarhlutdeildar má lesa í ársreikningi eða við tilkynnum þér um þær sérstaklega.

b) Stuðlarnir sem prósentur hagnaðarhlutdeildar miðast við ráðast aðallega af tryggingarþætti, aldri hins tryggða, biðtíma og hæð tryggðs höfuðstóls. Þeir eru reiknaðar út eftir viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar.

Nánari upplýsingar má sjá í Tryggingarfræðilegu ábendingunum sem fylgja þessum skilmálum.

c) Á biðtímanum fjármögnun við iðgjaldsrían rétt til aukagreiðslu (gjaldskrárbónus) með árlegum hagnaðarhluta tryggingarþáttarinnar og með árlegum hagnaðarhluta annarra innifalinnna þátta, ef þeim hefur ekki þegar verið ráðstafað í annað samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda. Árlegu hagnaðarhlutunum er þannig ráðstafað til að fjármagna viðbótargreiðslur. Þeir eru þar af leiðandi ekki aðgengilegir til að fjármagna hugsanlega nauðsynlegt endurmat bótasjóðsins, t.d. vegna þess að lífslíkur reynast lengri en gert er ráð fyrir í reikniforsendum.

Gjaldskrárbónus myndast úr sömu þáttum og tryggingin en í honum felst þó ekki þátturinn höfuðstóll við andlát af slysförum. Ef þátturinn höfuðstóll við andlát er innifalinn samsvarar höfuðstóll við andlát í gjaldskrárbónusi alltaf tryggðum höfuðstóli til ellilífeyris. Að öðru leyti eru greiðslur úr bónusnum í sama hlutfalli innbyrðis og greiðslur úr tryggingu þinni með eftirfarandi undantekningum:

- Ef eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku er innifalinn, hækkar hann að hámarki um sömu upphæð og ellilífeyririnn.
- Ef örorkulífeyrir er innifalinn má örorkulífeyririnn úr bónusnum ekki vera hærra en ellilífeyririnn.

Upphæð greiðslna úr bónusnum ákvarðast af viðkomandi gjaldskrárákvæðum.

Gjaldskrárbónusinn á svo fyrir sitt leyti hlutdeild í hagnaðinum.

d) Eftir að lífeyristaka hefst fjármögnun við hagnaðarlífeyri með árlegum hagnaðarhlutum tryggingarþáttarinnar og árlegum hagnaðarhlutum annarra innifalinnna þátta, hafi þeim ekki verið ráðstafað í annað samkvæmt sérstökum skilmálum sem um þá gilda. Hagnaðarlífeyrir myndast með aukalegum iðgjaldsfríum ellilífeyri og hækkun áunnins ellilífeyris.

Ef þáttur eftirlifendalífeyris eftir upphaf lífeyristöku er innifalinn, þá felur hagnaðarlífeyrir líka í sér eftirlifendalífeyri. Hlutfall eftirlifendalífeyris af ellilífeyrinum er það sama og samsvarandi hlutfall við upphaf lífeyristöku.

Árleg hækkun heildargreiðslu fer fyrst fram ári eftir upphaf töku lífeyris, en þá er hækkunin fundin út sem hundradshluti af heildargreiðslum fyrri árs.

Á biðtímanum má hvenær sem er tilkynna okkur skriflega að þú viljir nýta hagnaðarhluta á lífeyrisgreiðslutímanum á annan hátt en ákveðið var við samningsgerð. Þú verður að leggja umsóknina fram í síðasta lagi 1 mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.

Breyting á prósentuhluta hagnaðarhlutdeildar getur ekki aðeins breytt framtíðarhækkunum heldur einnig greiðslum sem þegar eru til komnar vegna hagnaðarhlutdeildar. Þannig er hækkun og einnig lækkun hagnaðarlífeyris möguleg. Lækkun getur þó aðeins orðið niður að tryggðum lífeyri við upphaf lífeyristöku. Við upplýsum þig við upphaf lífeyristöku, og við allar síðari breytingar, um upphæð áður nefndrar iðgjaldslausrar aukagreiðslu og hækkunarhlutfallið.

e) Auk árlegra hagnaðarhluta getur lokahagnaðarhlutur bæst við

- við uppsögn, nýtingu höfuðstólsvalréttar eða við andlát
- við upphaf töku lífeyris (samningslok) eða frá upphafi töku elli- eða eftirlifendalífeyris.

Hæð lokahagnaðarhlutans er ákveðin með tilliti til hagnaðar hverju sinni, vaxtaþróunar á fjármagnsmarkaði og þróunar dánartíðni. Bætist lokahagnaðarhluti við þegar samningi lýkur er hann greiddur út í einu lagi. Með lokahagnaðarhluta frá byrjun töku elli- eða eftirlifendalífeyris fjármögnun við hækkun hagnaðarlífeyris (sjá bókstaf d), en hann er ekki hægt að ábyrgjast. Lokahagnaðarhlutar eru ákveðnir hverju sinni fyrir bótamál hvers reikningsárs.

f) Auk hlutdeildar í hagnaði öðlast tryggingin við lok sparnaðarskeiðs hlutdeild í matssjóðum:

- við uppsögn, nýtingu höfuðstólsvalréttar eða við andlát fyrir upphaf lífeyristöku (samningslok)
- eða frá upphafi töku elli- eða eftirlifendalífeyris.

Hlutdeild í matssjóðum er ákveðin með orsakarmiðaðri aðferð.

Matssjóðir sem tengjast einstökum samningi eru skilgreindir sem samtala matssjóða allra þeirra samninga sem eiga tilkall til hlutdeildar í matssjóðum. Þessi hlutdeild er háð heildarupphæð bótahöfuðstóla liðinna tryggingarára í hlutfalli við heildarupphæð samsvarandi bótahöfuðstóla allra samninga sem eiga tilkall til hlutdeildar.

Við lok sparnaðarskeiðsins úthlutum við tryggingu þinni helming þeirrar upphæðar sem kom í hennar hlut á þeim tímamarki samkvæmt § 153 VVG. Ef samningnum lýkur verður hlutdeild í matssjóðum greidd út í einu lagi. Ef elli- eða eftirlifendalífeyrir er greiddur, þá notum við hlutdeildina í matssjóðum við upphaf lífeyristöku til að fjármagna hækkingu tryggðs lífeyris. Um það gilda viðkomandi gjaldskrárákvæði.

Verðgildi matssjóðanna sem trygging þín fær hlutdeild í fer eftir fjármagnsmarkaðnum og er háð sveiflum. Til að jafna út þessar sveiflur er okkur, við upphaf töku elli- eða eftirlifendalífeyris eða við nýtingu höfuðstólsvalréttar, heimilt að greiða grunnupphæð fyrir hlutdeild í matssjóðunum. Stærð þessarar grunnupphæðar ræðst af rekstrarafkomunni.

Ef grunnupphæðin, sem ákveðið var að skyldi gilda á þeirri stundu þegar ráðstöfun hlutdeildar í matssjóðum fer fram, reynist hærri en verðgildið samkvæmt 3. mgr. § 153 VVG, þá verður grunnupphæðinni úthlutað. Að öðrum kosti helst úthlutun upphæðarinnar óbreytt, lögum samkvæmt.

Grunnupphæðin og viðmiðunardagar fyrir uppfærslu matssjóða eru ákveðnir fyrir eitt almanaksár í senn og er að finna í ársskýrslunni. Í ársskýrslunni og Tryggingafræðilegum ábendingum er auk þess að finna ítarlegri upplýsingar um hlutdeild í matssjóðum.

g) Reglubundinn lífeyrir öðlast, samkvæmt 1. og 2. mgr. § 153 VVG, hlutdeild í matssjóðunum, ýmist með sanngjarnri hækkingu reglubundinnar hlutdeildar í hagnaði eða með sanngjarnri hlutdeild í lokahagnaði. Þegar tilkynnt er um hlutfall þessarar hagnaðarhlutdeildar er sérstaklega horft til stöðu matssjóðanna hverju sinni.

§ 3 Hvað gildir ef hinn samtryggði deyr á biðtímanum, ef þáttur eftirlifendalífeyris fyrir upphaf lífeyristöku er innifalinn?

(1) Ef hinn samtryggði deyr á biðtímanum, á undan hinum tryggða, og ef þátturinn eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku er innifalinn, þá verður þættinum ellilífeyrir breytt: Frá þeirri stundu er iðgjaldsendurgreiðsla við andlát hins tryggða (2. mgr. a, § 1) innifalinn. Ellilífeyririnn sem breytist við það er reiknaður út samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar. Um það gilda viðkomandi gjaldskrárákvæði.

(2) Ef þú kýst þetta ekki má í stað þess sækja um eftirfarandi breytingar eftir fráfall hins samtryggða:

- að hafna endurgreiðslu iðgjalds við fráfall hins tryggða
- að taka inn nýjan þátt, höfuðstól við andlát, í stað endurgreiðslu iðgjalds við fráfall hins tryggða.

Umsóknina verður að leggja fram í síðasta lagi 3 mánuðum eftir fráfall hins samtryggða.

Við útskýrum fyrir þér forsendur og áhrif ef óskað er.

§ 4 Hvenær geturðu tekið höfuðstól úr tryggingu þinni?

Þú getur tekið höfuðstól úr tryggingunni.

Fyrir úttekt úr höfuðstóli reiknum við vinnslugjald sem nemur 15 EUR.

Ef þú tekur höfuðstól úr tryggingunni þar sem þátturinn höfuðstóll við andlát er ekki innifalinn, en þó annaðhvort iðgjaldsendurgreiðsla eða eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku, reiknum við viðbótarfrádrátt. Við upplýsum þig um upphæð frádráttarins ef óskað er.

Forsendur fyrir úttekt eru að

- ekkert tryggingarskírteinislán sé áhvílandi
- úttektarupphæðin nemi minnst 1.000 EUR
- endurkaupsvirði tryggingarinnar eftir úttekt höfuðstóls og greiðslu vinnslugjalds nemi minnst 1.000 EUR.

Við úttektina breytist hvorki greiðslutímabil né upphæð iðgjalds sem greiða skal.

Við úttektina skerðast tryggðar bætur samkvæmt viðkomandi gjaldskrárákvæðum. Við veitum þér upplýsingar um áhrifin ef óskað er.

§ 5 Hvenær geturðu valið höfuðstól í stað lífeyris?

(1) Lífi hinn tryggði umsamið upphaf lífeyristöku er hægt að fá tryggðan höfuðstól í stað tryggðs lífeyris. Umsókn um útborgun tryggðs höfuðstóls verður að leggja fram í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.

(2) Einnig er hægt að fara fram á að fá aðeins hluta tryggðs höfuðstóls útborgaðan. Þá verðurðu að taka mið af þeim fresti sem tilgreindur eru í 1. mgr.

Við greiðum síðan, frá umsömdu upphafi lífeyristöku, tryggðan lífeyri samkvæmt § 1, en hann skerðist um þann hundradshluta sem samsvarar áður útborguðum hluta tryggða höfuðstólsins. Forsenda fyrir útborgun hluta tryggða höfuðstólsins er að tryggði lífeyririnn, sem eftir verður, nemi minnst 200 EUR á ári.

(3) Með útborgun alls tryggða höfuðstólsins við umsamið upphaf lífeyristöku fellur ellilífeyrisþátturinn niður.

Ef þáttur eftirlifendalífeyris frá upphafi lífeyristöku er innifalinn, fellur hann niður. Með útborgun hluta tryggðs höfuðstóls fellur þáttur eftirlifendalífeyris eftir upphaf lífeyristöku niður, í sama prósentuhlutfalli og tryggður höfuðstóll er greiddur út.

(4) Eins er hægt að fara fram á að fá höfuðstól útborgaðan eftir upphaf lífeyristöku, og reyndar svo lengi sem höfuðstólsgreiðsla við fráfall eftir upphaf lífeyristöku er tryggð. Í því tilviki má fara fram á greiðslu höfuðstóls á hvaða gjalddaga lífeyris sem er. Fyrir úttekt úr höfuðstóli tökum við vinnslugjald sem nemur 50 EUR.

Útborgaður höfuðstóll má, þegar útborgun fer fram, hvorki vera hærri en höfuðstólsgreiðsla við fráfall né má hann vera hærri en bótahöfuðstóll tryggingarinnar eins og hann reiknast þegar útborgun fer fram. Þá skal tekið tillit til áðurnefnds vinnslugjalds.

Kjósirðu tímabundinn lífeyri samkvæmt § 6 reiknum við þann höfuðstól sem greiða skal meðal annars út frá því hvernig fjármálamarkaðurinn hefur þróast frá upphafi lífeyristöku, en þó ekki lengra en 10 ár aftur í tímann. Við veitum þér upplýsingar um áhrifin ef óskað er.

Eftir útborgun höfuðstóls heldur tryggingin áfram, svo framarlega sem tryggður ellilífeyrir nemi minnst 200 EUR á ári. Ef enginn bótahöfuðstóll er fyrir hendi, eða ef tryggður lífeyrir er lægri en tilgreindar upphæðir, fellur tryggingin niður. Bótahöfuðstóll - ef til er - er greiddur út.

Meðtryggður höfuðstóll fyrir fráfall eftir upphaf töku lífeyris skerðist sem nemur útborguðum höfuðstóli. Tryggður

ellilífeyrir, tryggður eftirlífendalífeyrir og tryggður barnalífeyrir skerðast samkvæmt viðkomandi gjaldskrárákvæðum. Við veitum þér upplýsingar um áhrifin ef óskað er.

(5) Við upphaf lífeyristöku má í stað tryggðs lífeyris einnig þá krefjast höfuðstólsgreiðslu sem nemur hupphæð endurkaupsvirðisins (§ 19) ef þú hefur flýtt umsömdu upphafi lífeyristöku samkvæmt § 7, mgr. 1. Frestir í 1. mgr. gilda í þessu tilfelli eftir því sem við á.

Forsendur fyrir því eru að í tryggingu þinni séu annar hvor þáttanna höfuðstólsgreiðsla við fráfall eða eftirlífendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku innifalinn, eða að þú hafir samið um endurgreiðslu iðgjalds.

Með útborgun höfuðstóls á lífeyrisgreiðslutíma sem hefur verið flýtt falla allir þættir niður.

§ 6 Hvenær geturðu valið tímabundinn lífeyri í stað ævilangs lífeyris?

(1) Áður en til umsamins upphafs lífeyristöku kemur er hægt að fara fram á að við greiðum, í stað tryggðs lífeyris samkvæmt § 1, lífeyri í tiltekinn tíma („tímabundinn lífeyrir“). Velja má hversu langur lífeyrisgreiðslutíminn á að vera.

Bæði beiðni um tímabundinn lífeyri sem og lengd lífeyrisgreiðslutímans eru þó háð takmörkunum, sem ráðast meðal annars af aldri hins tryggða við upphaf lífeyristöku. Við veitum þér upplýsingar um forsendur og áhrif ef óskað er.

(2) Umsókn um tímabundinn lífeyri verður að leggja fram í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.

(3) Hafi verið samið um félagatryggingu verður að tilgreina hvor hinna tryggðu á í hlut varðandi tímabundinn lífeyri.

(4) Frá upphaf lífeyristöku greiðum við tryggðan tímabundinn lífeyri á meðan hinn tryggði er á lífi, í hæsta lagi út umsaminnt lífeyrisgreiðslutíma. Upphæð tryggðs tímabundins lífeyris frá upphafi lífeyristöku reiknum við út miðað við bótahöfuðstól tryggingarinnar og út frá hlutdeild í matssjóðum við lok biðtímans. Um það gilda viðkomandi gjaldskrárákvæði þegar taka lífeyris hefst. Við veitum þér upplýsingar um áhrifin ef óskað er.

(5) Upphæð samtryggðs höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku getur tekið breytingum. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er. Þættir eftirlífendalífeyris falla niður þegar tímabundinn lífeyrir hefst.

Greiðslum við andlát eftir upphaf lífeyristöku má breyta samkvæmt § 9.

(6) Á meðan tímabundinn lífeyrir er greiddur öðlast þú líka hagnaðarhlutdeild í skilningi § 2. Hlutfall hagnaðarhlutdeilda tryggingarinnar getur verið frábrugðið þeim hlutfallstölum hagnaðarhlutdeilda sem tilgreindar eru fyrir undirflokk tryggingarinnar í ársskýrslu. Ef sérstakar hlutfallstölur hagnaðarhlutdeilda gilda um tryggingu þína greinum við þér frá því fyrir upphaf töku tímabundins lífeyris.

Í stað þeirra reglna sem gilda um hagnaðarhlutdeild eftir upphaf lífeyristöku samkvæmt 2. mgr. d og e, § 2, fjármögnum við samanlagðan hagnaðarlífeyri með árlegu hagnaðarhlutdeildinni eftir upphaf töku tímabundins lífeyris. Samanlagður hagnaðarlífeyrir myndast úr aukalegum iðgjaldsfríum tímabundnum lífeyri.

Breytist hlutfallstölur hagnaðarhlutdeilda getur það haft áhrif á greiðslur úr samanlögðum hagnaðarlífeyri. Þannig er hækkun og lækkun samanlagðs hagnaðarlífeyris

möguleg. Lækkunin getur þó í mesta lagi farið niður í tryggðan tímabundinn lífeyri við upphaf lífeyristöku. Við tilkynnum þér um hæð ofangreinds aukalegs iðgjaldsfrís tímabundins lífeyris, bæði við upphaf töku tímabundna lífeyrisins og í hvert sinn sem breytingar verða.

Með hlutdeild í lokahagnaði frá upphafi lífeyristöku samkvæmt 2. mgr. e, § 2, fjármögnum við hækkun samanlagðs hagnaðarlífeyris, en hana er ekki hægt að ábyrgjast.

Við veitum þér upplýsingar um áhrifin ef óskað er.

§ 7 Hvernig geturðu gert upphaf lífeyristöku eða greiðslutíma sveigjanlegan?

(1) Greiðslu flýtt

Þú getur flýtt umsömdu upphafi lífeyristöku eða greiðslutíma um allt að 7 ár.

Forsendur fyrir því eru:

- Hinn tryggði eða, í félagatryggingum, einn hinna tryggðu, verður á greiðslutíma, sem hefur verið flýtt, að hafa náð 55 ára reikningsaldri.
- Við það að upphaf lífeyristöku er flýtt verður heildarlífeyrir (ásamt hagnaðarhlutdeild) ekki lægri en lágmarksupphæð sem nemur 200 EUR á ári.
- Umsóknina verður að leggja fram í síðasta lagi einum mánuði fyrir umbeidið upphaf lífeyristöku eða greiðslutíma.
- Tíminn frá byrjun tryggingar fram að umbeðnu upphafi lífeyristöku eða greiðslutíma skal vera að minnsta kosti eitt ár.

Um upphaf lífeyristöku eða um greiðslutíma sem er flýtt gilda sömu samningsgerðarmöguleikar og um upphaflega umsamið upphaf lífeyristöku (einkum §§ 5 og 6). Við það að upphaf lífeyristöku er flýtt skerðist tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar.

Við upplýsum þig tímanlega um möguleika á að flýta upphafi lífeyristöku.

Ef fleiri þættir eru innifaldir gildir:

- Inniföldu þættirnir eftirlífendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku, höfuðstóll við fráfall, höfuðstóll við andlát af slysförum og örorkubætur falla niður þegar kemur að upphafi lífeyristöku sem var flýtt. Ef örorkulífeyrir er greiddur á þessum tíma helst hann þó óskertur.

Um innifalinn eftirlífendalífeyrisþátt eftir upphaf lífeyristöku gildir að greiðslur lækka samkvæmt tryggingafræðilegum grundvallarreglum. Hlutfall eftirlífendalífeyris eftir upphaf lífeyristöku og höfuðstólsgreiðslu við fráfall eftir upphaf lífeyristöku við tryggðan ellilífeyri breytist ekki þótt greiðslum sé flýtt. Nýi eftirlífendalífeyririnn má eftir upphaf lífeyristöku ekki vera lægri en lágmarksupphæðin 200 EUR á ári.

(2) Frestun greiðslu

a) Við umsamið upphaf lífeyristöku áttu rétt á að lengja biðtímann, í mesta lagi til 85 ára aldurs. Lengingartímabilið, þ.e.a.s tímann frá upprunalegu upphafi lífeyristöku til frestaðs upphafs lífeyristöku, nefnum við viðbótarbiðtíma.

Forsendur fyrir frestun eru:

- Hinn tryggði eða, í félagatryggingum, einn hinna tryggðu, verður við upphaflega umsamda byrjun lífeyristöku eða þegar bótageiðsla fer fram, að hafa náð 55 ára reikningsaldri.

Í iðgjaldsskyldum tryggingum er hægt að greiða iðgjöldin áfram á viðbótarbiðtímanum. Við frestun upphafs lífeyristöku eða greiðslustundar hækkar tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll. Tryggður höfuðstóll við fráfall eftir upphaf lífeyristöku getur breyst. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

b) Við fráfall hins tryggða eða, í félagatryggingum, eins hinna tryggðu á viðbótarbiðtímanum gildir:

- Ef þú hefur ekki innifalið eftirlífendalífeyri eftir upphaf lífeyristöku greiðum við, við fráfall, upphæð sem nemur endurkaupsvirðinu sem þú hefur fengið ef hinn tryggði eða, í félagatryggingum, allir hinir tryggðu, hefðu lífað lok yfirstandandi tryggingartímabils (1. mgr. § 12) og þú hefur sagt tryggingunni upp á þeim tíma (§ 19).
- Ef þú hefur innifalið eftirlífendalífeyri eftir upphaf lífeyristöku greiðum við eftirlífendalífeyri ef og svo lengi sem hinn samtryggði er á lífi þegar hinn tryggði andast. Eftirlífendalífeyri reiknum við út samkvæmt viðkomandi gjaldskráreglum úr upphæð sem nemur endurkaupsvirðinu sem þú hefur fengið ef hinn tryggði hefði verið á lífi við lok yfirstandandi tryggingartímabils (1. mgr. § 12) og þú hefur sagt tryggingunni upp á þeim tíma (§ 19). Upphæð eftirlífendalífeyris er auk þess háð aldri hins samtryggða á þeim tíma. Eftirlífendalífeyrir öðlast hlutdeild í hagnaði.

Ef þú segir tryggingunni upp á viðbótarbiðtímanum greiðum við endurkaupsvirðið, reiknað samkvæmt § 19.

c) Ef fleiri þættir eru innifaldir gildir:

- Höfuðstóll við fráfall eftir töku eftirlífendalífeyris, sem samið um fyrir frestað upphaf lífeyristöku, breytist.
- Þættinum höfuðstóll við fráfall, þættinum örorkulífeyrir, þættinum eftirlífendalífeyri fyrir töku lífeyris eða viðbótarslysatryggingu verður ekki frestað.
- Greiðslur annarra innifalinnna þátta hækka í sama hlutfalli og tryggður lífeyrir.

Um greiðslubreytingar gilda viðkomandi gjaldskrárákvæði. Við tilkynnum þér um breytingarnar ef óskað er.

d) Um frestað upphaf lífeyristöku eða um frestaðan greiðslutíma gilda sömu samningsgerðarmöguleikar og um upphaflega umsamda byrjun lífeyristöku (einkum §§ 4, 5 og 6).

e) Eftir frestun upphafs lífeyristöku eða greiðslutíma má aftur flýtt upphafi lífeyristöku eða greiðslutíma. Málsgrein 1 gildir eftir því sem við á.

f) Á viðbótarbiðtímanum öðlast þú líka hagnaðarhlutdeild í skilningi § 2. Hlutfall hagnaðarhlutdeilda tryggingarinnar getur verið frábrugðið þeim hlutfallstólum hagnaðarhlutdeilda sem tilgreindar eru fyrir undirflokk tryggingarinnar í ársskýrslu okkar.

Ef sérstakar hlutfallstölur hagnaðarhlutdeilda gilda um tryggingu þína greinum við þér frá því fyrir byrjun viðbótarbiðtímans.

§ 8 Hvenær á biðtímanum geturðu bætt við þáttum eftirlífendalífeyris án áhættukönnunar?

(1) Ef hvorugur eftirlífendaframfærsluþáttanna höfuðstóll við andlát eða eftirlífendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku er innifalinn í tryggingunni, þá má á biðtímanum fara fram á að annar þessara þátta verði innifalinn án áhættukönnunar.

Forsendur þess eru:

- Hinn tryggði er ekki kominn yfir 40 ára reikningsaldur.
- Hinn tryggði er ekki óvinnufær.
- Við höfum til þessa samþykkt allar umsóknir um líftryggingu hins tryggða með venjulegum skilyrðum.
- Einn eftirfarandi atburða hefur gerst innan síðustu 6 mánaða áður en umbeðinn þáttur er innifalinn og okkur eru færðar sönnur á það:
 - Fæðing barns hins tryggða eða hinn tryggði ættleiðir ófullveðja einstakling.
- Hinn tryggði byrjar sjálfstæðan atvinnurekstur, svo framarlega sem starfsgreinin krefst aðildar að fagfélagi eða ráði.
- Hinn tryggði lýkur starfsmenntun eða byrjar í atvinnulífínu.
- Hinn tryggði tekur lán til að fjármagna fasteign til eigin nota að andvirði minnst 100.000 EUR.

Í félagatryggingum nægir að einn hinna tryggðu fullnægi ofangreindum skilyrðum. Ekki er hægt að bæta við eftirlífendalífeyri.

Um viðbætur eftir á gilda svofelld takmörk:

fyrir þáttinn höfuðstóll við fráfall

- minnst 100% tryggðs höfuðstóls ellilífeyris.
- mest 50.000 EUR tryggður höfuðstóll við fráfall.

fyrir þáttinn eftirlífendalífeyrir við upphaf lífeyristöku

- minnst 20% tryggðs ellilífeyris
- mest 60% tryggðs ellilífeyris.
- mest 6.000 EUR tryggður lífeyrir á ári til eftirlífendaframfærslu.

Viðbót þáttanna höfuðstóll við andlát og eftirlífendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku fer eftir viðkomandi gjaldskrárákvæðum. Við veitum þér upplýsingar um áhrifin ef óskað er. Sérstaklega skal bent á að áður umsamin iðgjaldsendurgreiðsla við andlát fellur niður.

(2) Ásamt eftirlífendalífeyri fyrir upphaf lífeyristöku samkvæmt mgr. 1 geturðu líka innifalið eftirlífendalífeyri eftir upphaf lífeyristöku. Þú átt líka kost á að bæta við eftirlífendalífeyri eftir upphaf lífeyristöku síðar meir ef eftirlífendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku hefur þegar verið tryggður.

Eftirlífendalífeyrir eftir upphaf lífeyristöku má hvorki vera hærri en eftirlífendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku né vera hærri en tryggður ellilífeyrir.

Viðbót þáttarins eftirlífendalífeyrir eftir upphaf lífeyristöku fer eftir viðkomandi gjaldskrárákvæðum. Við veitum þér upplýsingar um áhrifin ef óskað er.

§ 9 Hvernig geturðu breytt greiðslum við fráfall eftir upphaf lífeyristöku ?

(1) Við upphaf lífeyristöku geturðu sótt um að umsamin höfuðstólsgreiðsla við andlát eftir upphaf lífeyristöku verði

hækkuð eða lækkuð án nýrrar áhættukönnunar. Um mögulegar breytingar gilda takmörk sem ráðast m.a. af umsömdum aldri við upphaf lífeyristöku og af meðallíflíslíkum og eins ef um tímabundinn lífeyri samkvæmt § 6 er að ræða fer umfangið auk þess eftir umsömdu tímabili lífeyrisgreiðslu. Við veitum upplýsingar um hvaða kosti þú átt ef óskað er.

(2) Við tryggingar þar sem þátturinn eftirlífendalífeyrir eftir upphaf lífeyristöku er ekki innifalinn geturðu krafist þess að slíkur þáttur verði innifalinn við lok biðtímans. Eftirlífendalífeyrir má ekki vera hærrí en tryggður ellilífeyrir við upphaf lífeyristöku. Við gerum ekki áhættukönnun. Um þetta gilda viðkomandi gjaldskrárákvæði. Við veitum upplýsingar um áhrifin ef óskað er.

Þó er ekki hægt að fara fram á þáttinn eftirlífendalífeyri eftir upphaf lífeyristöku, hafi tímabundinn lífeyrir samkvæmt § 6 verið valinn.

(3) Við upphaf lífeyristöku geturðu hafnað umsaminni höfuðstólsgreiðslu við fráfall eftir upphaf lífeyristöku og eins inniföldum þætti eftirlífendalífeyris eftir upphaf lífeyristöku og getur þess í stað farið fram á greiðslu áunnins tryggðs höfuðstóls við upphaf lífeyristöku, að frádregnum þeim ellilífeyri sem þegar er greiddur (að meðtöldum greiðslum úr hagnaðarhlutdeild).

(4) Fyrir breytta höfuðstólsgreiðslu við andlát samkvæmt mgr. 1 kann að verða nauðsynlegt að greiða einstaka viðbótargreiðslu. Upphæðin fer eftir viðeigandi gjaldskrárákvæðum. Við veitum upplýsingar um áhrifin ef óskað er. Ef höfuðstólsgreiðsla við andlát er lækkuð eða ef þú vilt ekki greiða nauðsynlega einstaka greiðslu, þá breytist tryggður lífeyrir og einnig innifalinn eftirlífendalífeyrir samkvæmt viðeigandi gjaldskrárákvæðum. Við veitum upplýsingar um áhrifin ef óskað er.

Umsókn um breytingu samkvæmt mgr. 1 til 3 verður að virða sömu fresti og tilgreindir eru í § 5, mgr. 1.

§ 10 Hvenær geturðu innifalið tryggingarvernd fyrir umönnunartilfelli?

Þú getur sótt um að við upphaf lífeyristöku verði tryggingarvernd fyrir umönnunartilfelli innifalinn í tryggingunni. Við gerum ekki áhættukönnun.

Umsókn um að tryggingarverndin verði innifalinn verður að leggja fram í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.

Við upplýsum þig um forsendur og áhrif ef óskað er.

Tryggingarvernd í umönnunartilfelli er þó ekki hægt að bæta við ef þú kýst tímabundinn lífeyri samkvæmt § 6.

§ 11 Hvenær hefst tryggingarverndin?

Tryggingarverndin hefst við lok samningsgerðar, þó ekki fyrir þann byrjunartíma sem tilgreindur er í tryggingarskírteininu. Tryggingarverndin hefst þá aðeins á tilgreindum tíma ef þú hefur greitt fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma í skilningi § 12.

§ 12 Hvað þarf að hafa í huga við iðgjaldagreiðslu?

(1) Iðgjöld af tryggingunni skal eftir samkomulagi greiða í einu lagi eða með reglubundnum iðgjöldum fyrir hvert tryggingartímabil. Eftir því hvaða greiðslutímabil er umsamið og tilgreint í tryggingarskírteini er

tryggingartímabil einn mánuður, ársfjórðungur, hálf ár eða eitt ár.

(2) Fyrsta eða einstakt iðgjald skal greiða tafarlaust eftir að samningur er kominn á. Ef samið er um að tryggingarvernd skuli hefjast seinna gjaldfellur fyrsta eða einstakt iðgjald ekki fyrr en þá. Ef ekki er samið um annað gjaldfalla framhaldsiðgjöld fyrsta dag fyrsta mánaðar umsamins tryggingartímabils. Ef samið er um mánaðarlegar iðgjaldagreiðslur fer greiðsla iðgjalda fram með skuldfærslu.

(3) Iðgjald er greitt á réttum tíma ef þú gerir á gjalddaga tafarlaust allt til þess að iðgjaldið berist okkur.

Ef þú hefur veitt umboð til innheimtu af reikningi (skuldfærsla) telst greiðslan innt af hendi á réttum tíma ef við getum innheimt iðgjaldið á gjalddaga og þú mótmælir ekki réttmætri innheimtu.

Ef við getum ekki innheimt gjaldfallið iðgjald, án þess að þú eigir sök á því, telst greiðslan þá líka innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram tafarlaust eftir að við höfum krafðið þig skriflega um greiðslu.

Ef við getum ekki innheimt gjaldfallið iðgjald, og berir þú ábyrgð á því, getum við krafist þess að greiðslur fari framvegis eingöngu fram utan skuldfærslukerfis. Hafi verið samið um mánaðarlega iðgjaldagreiðslu breytum við henni í þessu tilvik í ársfjórðungslega greiðslu.

(4) Sending iðgjalda þinna fer fram á þína ábyrgð og á þinn kostnað.

§ 13 Hvað gildir ef þú greiðir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma?

(1) Byrjun tryggingarverndar er háð því að iðgjald sé greitt á réttum tíma. Ef þú greiðir fyrsta eða einstakt iðgjald ekki á réttum tíma hefst tryggingarverndin fyrst frá þeim tíma sem þú greiðir iðgjaldið. Okkur er ekki skylt að greiða bætur fyrir tryggingamál sem upp koma í millitíðinni. Greiðsluskylda okkar helst óbreytt ef þú sannar að það var ekki þín sök að greiðsla var ekki innt af hendi.

Við getum aðeins nýtt okkur heimildina til að greiða ekki ef við höfum með sérstakri skriflegri tilkynningu eða með áberandi ábendingu í tryggingarskírteininu bent þér á réttaráhrif þess að greiða ekki iðgjaldið.

(2) Ef þú greiðir fyrsta eða einstakt iðgjald ekki á réttum tíma getum við rift samningnum svo lengi sem þú hefur ekki innt greiðsluna af hendi. Riftunarrétturinn er útilokaður ef þú sannar að það var ekki þín sök að greiðsla var ekki innt af hendi.

§ 14 Hvað gildir ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma?

(1) Ef þú greiðir framhaldsiðgjald ekki á réttum tíma ertu í vanskilum án þess að þú fáið aðra greiðsluáskorun. Það teljast ekki vanskil, ef greiðslufallið verður af orsökum sem þú berð ekki ábyrgð á. Við vanskil eigum við rétt á að krefjast endurgreiðslu þess tjóns sem af vanskilunum hlaut.

(2) Ef þú greiðir framhaldsiðgjald ekki á réttum tíma getum við sett þér gjaldfrest í textaformi á þinn kostnað. Greiðslufresturinn verður að nema að minnsta kosti tveimur vikum.

(3) Fyrir bótamál sem koma upp eftir veittan gjaldfrest fellur tryggingarverndin niður eða skerðist ef þú ert enn í vanskilum með greiðsluna þegar bótamálið kemur upp. Forsenda þessa er að við höfum þegar bent þér á þessi réttaráhrif þegar greiðslufresturinn var veittur.

(4) Þegar veittur gjaldfrestur er liðinn getum við sagt samningnum upp án þess að gæta uppsagnarfrests ef þú ert enn í vanskilum með iðgjöld, vexti eða kostnað. Forsenda er að við höfum bent þér á þessi réttaráhrif um leið og fresturinn var veittur. Við getum lýst yfir uppsögn um leið og fresturinn er veittur. Hún tekur þá sjálfkrafa gildi um leið og fresturinn rennur út ef þú ert þá enn í vanskilum með greiðsluna. Við munum líka benda þér á þessi réttaráhrif.

(5) Einnig má greiða upphæðina, sem er til innheimtu, eftir að uppsögn okkar hefur tekið gildi. Greiðsla eftir á getur aðeins farið fram innan eins mánaðar eftir uppsögn eða, ef uppsögnin var þegar tengd frestinum, innan eins mánaðar eftir að fresturinn rann út. Ef greitt er innan þessa tímabils fellur uppsögnin úr gildi og samningurinn gildir áfram. Fyrir bótamál sem koma upp milli þess að gjaldfresturinn er liðinn og greiðsla er innt af hendi fellur tryggingarverndin niður eða skerðist.

§ 15 Hvað gildir um iðgjaldgreiðslu í atvinnuleysi eða skertu starfi, foreldraorlofi eða framhaldsstarfsnámi?

(1) Hafi samningurinn þegar staðið í 3 ár má fara fram á frestun greiðslu framhaldsiðgjalda ef þú verður atvinnulaus eða starfshlutfall skerðist. Við frestum iðgjaldgreiðslum vaxtalaust svo lengi sem þú ert atvinnulaus, en þó ekki lengur en í eitt ár. Ef starfshlutfall skerðist frestum við iðgjaldgreiðslum meðan þú ert í skertu starfi, en þó ekki lengur en í 2 ár. Meðan á gjaldfrestinum stendur helst tryggingarverndin að fullu.

Verðir þú atvinnulaus eða í skertu starfi oftár en einu sinni er hægt að fresta iðgjaldgreiðslum að nýju í hvert sinn. Samtals frestum við iðgjaldgreiðslum vegna atvinnuleysis í hæsta lagi í 24 mánuði á öllum samningstímanum. Vegna skerts starfshlutfalls er í hæsta lagi hægt að fresta iðgjaldgreiðslum tvisvar á öllum samningstímanum.

(2) Til sönnunar á atvinnuleysi eða skertu starfshlutfalli þurfum við vottorð frá svæðismiðlun atvinnu. Fáirðu aftur atvinnu eða fullt starf skal tilkynna okkur það tafarlaust.

(3) Iðgjöldin sem frestað var verður að greiða í einni upphæð að gjaldfrestinum liðnum.

(4) Meðan á foreldraorlofi stendur má lækka iðgjöld tímabundið (iðgjald greitt að hluta), að hámarki í 3 ár, ef iðgjöld vegna samningsins hafa þegar verið greidd í að minnsta kosti eitt ár. Slíka hlutgreiðslu iðgjalds er í mesta lagi hægt að nýta tvisvar á öllum samningstímanum. Ef óskað er veitum við upplýsingar um aðrar forsendur og áhrif.

(5) Meðan á starfsendurmenntun stendur, t.d. í mastersnámi, má lækka iðgjöldin tímabundið á námstímanum, að hámarki í 3 ár (iðgjaldshlutagreiðsla), ef iðgjöld vegna samningsins hafa þegar verið greidd í að minnsta kosti eitt ár. Iðgjaldshlutagreiðslu er í mesta lagi hægt að nýta einu sinni á öllum samningstímanum. Ef óskað er veitum við upplýsingar um aðrar forsendur og áhrif.

§ 16 Hvenær geturðu greitt viðbótargreiðslur?

(1) Á biðtímanum geturðu greitt viðbótargreiðslur hvenær sem er, svo lengi sem tryggingin er ekki á viðbótarbiðtíma. Áhættukönnun er ekki nauðsynleg.

(2) Forsendur viðbótargreiðslu eru:

- Hver einstök viðbótargreiðsla nemur minnst 1.000 EUR.

- Heildarupphæð viðbótargreiðslna á einu tryggingarári nemur í hæsta lagi 20.000 EUR.

- Hafirðu innifalið þáttinn höfuðstól við fráfall gildir auk þess eftirfarandi skilyrði:

- Heildarupphæð viðbótargreiðslna á einu tryggingarári er ekki hærrí en heildarupphæð umsaminna iðgjalda á einu tryggingarári.

- Höfuðstóll við fráfall og höfuðstóll úr öllum líftryggingarsamningum hins tryggða hjá Allianz Lebensversicherungs-AG, sem myndar grundvöll vaxta af höfuðstóli við fráfall, fari ekki yfir 250.000 EUR, að viðbótargreiðslu meðtalinni.

(3) Með viðbótargreiðslunni hækkar ellilífeyririnn. Greiðsla úr inniföldum þætti höfuðstóls við fráfall hækkar um sömu upphæð og tryggður höfuðstóll við lífun. Umsamin endurgreiðsla iðgjalds hækkar um þá upphæð sem viðbótargreiðslan nemur.

Greiðslur innifalins eftirlífendalífeyris fyrir upphaf lífeyristöku hækka í sama hlutfalli og ellilífeyririnn, en þó í mesta lagi um 3% af viðbótargreiðslunni á ári.

Greiðslur innifalins eftirlífendalífeyris eftir upphaf lífeyristöku hækka í sama hlutfalli og ellilífeyririnn. Greiðslur úr öðrum inniföldum þáttum hækka ekki við viðbótargreiðsluna. Þetta breytta hlutfall greiðslna úr inniföldum þáttum vegna ellilífeyris ákvarðar greiðslur úr bónusnum (§ 2).

(4) Hækkun bótagreiðslna reiknast út frá samningsgildum eins og þau eru á hækkunardegi, einkum út frá reikningsaldri hins tryggða, biðtímanum sem eftir er, mögulega umsömdu iðgjaldsálagi og viðkomandi gjaldskrárákvæðum á hækkunardegi.

(5) Hækkunardagur bótagreiðslna er fyrsti dagur mánaðarins þegar viðbótargreiðsla berst okkur. Ef þátturinn höfuðstóll við fráfall er innifalinn, þá er hækkunardagurinn fyrsti dagur næsta mánaðar.

§ 17 Hvernig geturðu breytt iðgjaldsgreiðslutíma?

(1) Stytting iðgjaldgreiðslutíma

Ef tryggingariðgjöld eru greidd með reglubundnum hætti má fara fram á styttingu iðgjaldsgreiðslutímans um heil ár. Þessi kostur er þó ekki í boði ef þátturinn höfuðstóll við andlát með lægri tryggðum höfuðstól en tryggðum höfuðstól til ellilífeyris er innifalinn.

Við styttingu eru eftirtaldir möguleikar í boði:

- Eigi tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll að haldast óbreyttir hækka reglubundin iðgjöld.
- Eigi iðgjald að haldast óbreytt lækka tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll. Í þessu tilviki lækka greiðslur úr öðrum inniföldum þáttum í sama hlutfalli og tryggður lífeyrir.
- Eigi bæði iðgjald, tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll að haldast óbreytt verður að inna af hendi viðbótargreiðslu.

Nýja iðgjaldið, nýi tryggði lífeyririnn og nýi tryggði höfuðstóllinn eða viðbótargreiðslan eru reiknuð út eftir grundvallarreglum tryggingafræðinnar.

(2) Lenging iðgjaldagreiðslutímans

Ef iðgjaldagreiðslutími tryggingarinnar er styttri en biðtíminn og ef þú greiðir reglubundin iðgjöld geturðu farið fram á lengingu iðgjaldagreiðslutímans.

Lengingin er möguleg einu sinni, strax eftir upphafleg lok iðgjaldagreiðslu, um allt að 5 ár, en þó ekki lengur en til umsaminna loka biðtímans.

Forsendur fyrir því eru:

- Áhættustaða hins tryggða, þegar samningnum er breytt, verður að vera þess eðlis að semja mætti um nýja sambærilega tryggingu samkvæmt samþykktarreglum okkar, án þyngri skilyrða.
- Hinn tryggði má ekki hafa náð 50 ára reikningsaldri við upphaflega umsamin lok iðgjaldagreiðslutímans.

Við lenginguna hækka tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll frá upphaflegum lokum iðgjaldagreiðslutímans. Greiðslur úr öðrum inniföldum þáttum hækka í sama hlutfalli og tryggður lífeyrir.

Nýi tryggði lífeyririnn, nýi tryggði höfuðstóllinn og greiðslur úr öðrum þáttum fara eftir viðkomandi gjaldskrárákvæðum. Við veitum upplýsingar um áhrifin ef óskað er.

§ 18 Hvenær geturðu gert trygginguna iðgjaldsfría?

Þú getur krafist þess skriflega við lok tryggingartímabils að fá lausn undan iðgjaldsgreiðsluskyldu. Þú getur fengið iðgjaldslaun í allt að 3 ár samkvæmt § 20. Við upplýsum þig tímanlega, fyrir lok tímabilsins sem þú óskar eftir, um endurupptöku iðgjaldsgreiðslu og um möguleika á að greiða iðgjöldin sem á vantar.

(1) Breyting tryggingarinnar við það að vera gerð iðgjaldsfrí

a) Ef þú ferð fram á að trygging verði gerð iðgjaldsfrí lækjum við tryggðan lífeyri og tryggðan höfuðstól ellilífeyris samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar á grundvelli endurkaupsvirðis samkvæmt 1. mgr. a § 19. Upphæðin úr tryggingunni sem ráðstafa má til að stofna iðgjaldsfrían tryggðan lífeyri og iðgjaldsfrían tryggðan höfuðstól skerðist þá um frádrátt samkvæmt 2. mgr. § 165, í tengslum við 5. mgr. § 169, VVG, vegna aukins umsýslukostnaðar sem nemur 50 EUR.

Frádrátturinn fellur niður á síðasta ári biðtímans. Ef hinn tryggði eða, í félagatryggingum, einn hinna tryggðu, hefur náð minnst 55 ára reikningsaldri fellur frádrátturinn niður á síðustu 7 árum biðtímans.

Ef þú færir okkur sönnur á að forsendurnar sem frádrátturinn byggist á eigi ekki við í þínu tilfalli eða að frádrátturinn skuli vera lægri, þá fellur frádrátturinn niður eða lækkar eftir því sem við á.

Útreikningur iðgjaldsfrírar greiðslu fer fram við lok þess tryggingartímabils sem þú greiddir síðast fullt iðgjald fyrir.

b) Þú getur þó aðeins haldið tryggingu þinni áfram iðgjaldsfríri ef iðgjaldsfríri tryggður lífeyrir nær árlegri lágmarksupphæð sem nemur 200 EUR. Annars fellur tryggingin niður og endurkaupsvirðið (§ 19), sé það fyrir hendi, er greitt út.

(2) Ókostir iðgjaldsundanþágu

Að gera tryggingu iðgjaldsfría hefur ókosti í för með sér. Á biðtímanum eru ekki endilega fjármunir fyrir hendi sem nema innborguðum iðgjöldum til þess að mynda iðgjaldsfrían tryggðan lífeyri og iðgjaldsfrían tryggðan höfuðstól, þar eð fjármagna þarf samningsgerðar- og rekstrarkostnað og umsýslukostnað og hugsanlega einnig áhættusjóð. Nánari upplýsingar um iðgjaldsfrían tryggðan lífeyri og iðgjaldsfrían tryggðan höfuðstól má lesa í tryggingarupplýsingunum.

§ 19 Hvenær geturðu sagt tryggingunni upp?

Þú getur sagt tryggingunni upp skriflega fyrir upphaf lífeyristöku á eftirfarandi tímum:

- iðgjaldsskyldum tryggingum í lok tryggingartímabils
- iðgjaldsfríum tryggingum í lok yfirstandandi mánaðar.

(1) Áhrif uppsagnar á samning þinn

a) Segir þú tryggingunni upp og þátturinn höfuðstóll við andlát er innifalinn greiðum við endurkaupsvirðið - ef til er. Endurkaupsvirðið er bótahöfuðstóll ellilífeyrisþáttarins, reiknaður út samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar, á grundvelli iðgjaldaútreiknings á uppsagnardegi. Bótahöfuðstóllinn nemur þó, í tryggingum með reglubundnum iðgjaldsgreiðslum, að minnsta kosti því verðgildi sem kemur fram við jafna dreifingu samningsgerðar og rekstrarkostnaðar, sem ákveðinn er með hlíðsjón af hæstu Zillmer-gildum samkvæmt eftirlitsreglum, fyrstu fimm tryggingarárin, en þó aldrei lengur en iðgjaldsgreiðslutímanum nemur.

b) Frá upphæðinni sem reiknuð er út samkvæmt 1. mgr. a drögum við upphæð samkvæmt 5. mgr. § 169, VVG.

Hvaða frádráttur gildir um tryggingu þína á hverju ári biðtímans má sjá í tryggingarupplýsingunum. Þar tilgreinum við einnig ástæður frádráttarins.

Frádrátturinn fellur niður á síðasta ári biðtímans. Ef hinn tryggði eða, í félagatryggingum, einn hinna tryggðu hefur náð minnst 55 ára reikningsaldri fellur frádrátturinn niður á síðustu 7 árum biðtímans.

Ef þú sannar fyrir okkur að ætlaðar forsendur sem frádrátturinn byggist á eigi ekki við í þínu tilfalli eða að frádrátturinn skuli vera lægri, þá fellur frádrátturinn niður eða lækkar eftir því sem við á.

c) Okkur er heimilt að lækka í sanngjörnum mæli upphæðina sem reiknuð er út samkvæmt 1. mgr. a ef það er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að hagsmunum tryggingartaka sé stefnt í voða, einkum hættuna á að ekki sé hægt til frambúðar að rísa undir umsömdum skuldbindingum. Lækkunin tekur til eins árs í senn (6. mgr. § 169, VVG).

d) Til viðbótar getur komið endurkaupsvirði úr lokahagnaðarluta (sjá 2. mgr. e § 2). Upphæðin er reiknuð út samkvæmt aðferðinni sem tilgreind er í Tryggingafræðilegum ábendingum.

e) Útborgunarupphæðin hækkar hugsanlega um þá matssjóði sem tryggingunni eru úthlutaðir samkvæmt 2. mgr. f § 2.

(2) Sérstök atriði í samningum með framfærslu eftirlifenda (án höfuðstóls við fráfall) á biðtímanum

Ef þú segir upp tryggu þar sem þátturinn höfuðstóll við fráfall er ekki innifalinn, en ef annaðhvort

iðgjaldsendurgreiðsla eða eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku eru innifaldir, þá gildir:

a) Ef samið var um endurgreiðslu iðgjaldsins reiknum við út endurkaupsvirðið samkvæmt 1. mgr. a til d. Ef útreiknað endurkaupsvirði er ekki hærra en iðgjaldsendurgreiðsla við fráföll greiðum við það út að fullu. Ef endurkaupsvirðið er hærra en endurgreiðsla iðgjalds við fráföll, þá hækkar frádrátturinn:

Af þeim hluta reiknaðs endurkaupsvirðis sem er hærri en iðgjaldsendurgreiðsla við fráföll eru dregin 6%, að viðbættum 1,5% fyrir hvert ár sem eftir er af biðtímanum frá uppsögn en þó í hæsta lagi 30%.

Við tókum þennan frádrátt sem fasta upphæð til að jafna út hugsanleg neikvæð áhrif áhættu á þær tryggingar sem eftir standa. Frekari ábendingar um ástæður frádráttarins má lesa í tryggingarupplýsingunum.

Ef þú sannar fyrir okkur að ætlaðar forsendur sem frádrátturinn byggist á eigi ekki við í þínu tilviki eða að frádrátturinn skuli vera lægri, þá fellur frádrátturinn niður eða lækkar eftir því sem við á. Útborguð upphæð hækkar hugsanlega um það sem nemur þeim matssjóðum sem tryggingunni eru úthlutaðir samkvæmt 2. mgr. f § 2.

Með útborgun endurkaupsvirðisins fellur tryggingin niður.

b) Ef samið var um eftirlifendalífeyri fyrir upphaf lífeyristöku reiknum við endurkaupsvirðið samkvæmt 1. mgr. a til d. Ef útreiknað endurkaupsvirði er ekki hærra en 20-föld ársupphæð eftirlifendalífeyris greiðum við það út að fullu. Ef endurkaupsvirðið er hærra en 20-föld ársupphæð eftirlifendalífeyris skerðum við það um frekari frádrátt:

Af þeim hluta reiknaðs endurkaupsvirðis sem er hærri en 20-föld ársupphæð eftirlifendalífeyris eru dregin 6%, að viðbættum 1,5% fyrir hvert ár sem eftir er af biðtímanum við uppsögn, en þó í hæsta lagi 30%.

Við tókum þennan frádrátt sem fasta upphæð til að jafna út hugsanleg neikvæð áhrif áhættu á þær tryggingar sem eftir standa. Frekari ábendingar um ástæður frádráttarins má lesa í tryggingarupplýsingunum.

Ef þú sannar fyrir okkur að ætlaðar forsendur sem frádrátturinn byggist á eigi ekki við í þínu tilviki eða að frádrátturinn skuli vera lægri, þá fellur frádrátturinn niður eða lækkar eftir því sem við á.

Útborguð upphæð hækkar hugsanlega um það sem nemur þeim matssjóðum sem tryggingunni eru úthlutaðir samkvæmt 2. mgr. f § 2.

Með útborgun endurkaupsvirðisins fellur tryggingin niður.

(3) Sérstök atriði í samningum án eftirlifendaframfærslu á biðtíma

Segir þú tryggingu þinni upp og ef hvorki þátturinn höfuðstóll við andlát, né iðgjaldsendurgreiðsla, né heldur þátturinn eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku er innifalinn, þá gildir:

Við gerum tryggingu þína iðgjaldsfría samkvæmt 1. mgr. a § 18, hafi iðgjöld verið greidd reglulega til uppsagnardags. Ef iðgjaldsfrír tryggður lífeyrir nær ekki lágmarksupphæðinni 200 EUR á ári greiðum við þess í stað reiknað endurkaupsvirðið samkvæmt 1. mgr. Tryggingu, sem þegar er orðin iðgjaldsfrí, er ekki hægt að segja upp.

(4) Ókostir uppsagnar

Uppsögn tryggingarinnar hefur ókosti í för með sér. Á biðtímanum nær endurkaupsvirðið ekki endilega heildarupphæð innborgaðra iðgjalda vegna þess að fjármagna þarf samningsgerðar- og rekstrarkostnað og

umsýslukostnað og hugsanlega áhættusjóð. Nánari upplýsingar um endurkaupsvirði má lesa í tryggingarupplýsingunum.

§ 20 Hve lengi má koma upprunalegri tryggingarvernd á að nýju hafi hún verið iðgjaldsfrí?

(1) Innan 6 mánaða frá því að tryggingin varð iðgjaldsfrí geturðu farið fram á það að með endurupptöku iðgjaldsgreiðslna verði tryggðar greiðslur hækkaðar án áhættukönnunar upp í þá tryggingarvernd sem gildi áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí.

Ef fleiri þættir eru innifaldir gerum við það að skilyrði við endurupptöku iðgjaldsgreiðslna,

- þegar þáttur örorkubóta er innifalinn, að hinn tryggði sé ekki óvinnufær;
- þegar þáttur barnaframfærslu er innifalinn: iðgjaldsfrír lífeyrir vegna umönnunar barna þegar barn er umönnunarþurfi eða við andlát eða örorku forsjáradila að hinn tryggði sé ekki umönnunarþurfi og að hinn tryggði forsjáradili sé hvorki látinn né óvinnufær;
- þegar þáttur barnaframfærslu er innifalinn: iðgjaldsundanþága við andlát eða örorku forsjáradila hinn tryggði forsjáradili er hvorki látinn né óvinnufær;
- þegar þáttur barnaframfærslu er innifalinn: lífeyrir vegna umönnunar barna hinn tryggði er ekki umönnunarþurfi.

b) Einnig þegar 6 mánuðir eru liðnir, en þó aðeins innan 3 ára frá því að tryggingin varð iðgjaldsfrí, má sækja um að með endurupptöku iðgjaldsgreiðslna verði tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll hækkaðir upp í þá tryggingarvernd sem gildi áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí.

Ef tryggingin varð iðgjaldsfrí vegna fæðingarorlofs getur tímabilið frá því að tryggingin varð iðgjaldsfrí og fram að endurupptöku upphaflegrar tryggingarverndar líka orðið lengra en 3 ár; endurupptakan verður þó að eiga sér stað í síðasta lagi innan 3 mánaða frá lokum fæðingarorlofs.

Forsenda fyrir endurheimt tryggingarverndar sem gildi áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí er að áhættuástand hins tryggða, þegar samningnum er breytt, myndi heimila gerð samnings um nýja sambærilega tryggingu samkvæmt samþykktarreglum okkar, án þyngri skilmála.

c) Iðgjöld fyrir þann tíma sem var iðgjaldsfrír er hægt að inna af hendi eftir á. Í stað þess er einnig hægt að lækka bæði tryggðan lífeyri og tryggðan höfuðstól eða greiða hærri reglubundin iðgjöld.

Hærri reglubundin iðgjöld eða lægri tryggður lífeyrir og lægri tryggður höfuðstóll ákvarðast af viðkomandi gjaldskrárákvæðum þegar tryggingarsamningurinn var gerður. Við veitum upplýsingar um áhrifin ef óskað er.

§ 21 Hvað felst í tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð í skilningi laganna?

(1) Áður en þú afhendir samningsfyrirlesinguna er þér skylt að greina, satt og undandráttafalaust, frá öllum þeim aðstæðum sem við spurðum um skriflega og þér er kunnugt um og sem geta haft veruleg áhrif á áhættu. Aðstæður sem hafa veruleg áhrif á áhættu eru aðstæður

sem skipta verulegu máli við ákvörðun okkar um það hvort gera skuli samning um umsamið efni. Ef við spyrjum skriflega, eftir samningsyfirlýsingu þína en fyrir samþykkt samnings, um aðstæður sem hafa áhrif á áhættu, er þér að því leyti einnig skylt að greina frá þeim.

(2) Eigi að tryggja líf einhvers annars er sá líka, - auk þín - , ábyrgur fyrir sönnum og undandráttalausum svörum við skriflegu spurningunum.

(3) Ef umboðsmaður svarar fyrir þína hönd og ef honum er kunnugt um þær aðstæður sem hafa áhrif á áhættu eða kemur sviksamlega fram, verður komið fram við þig eins og þér hefði sjálfum/sjálfri verið kunnugt um þær eða þagað sviksamlega yfir aðstæðunum.

(4) Um afleiðingar þess að brjóta gegn tilkynningaskyldu má lesa í §§ 19 til 22 VVG. Á þeim forsendum sem þar eru tilgreindar getum við rift samningnum, verið undanþegin greiðsluskyldu, sagt samningnum upp, véfengt hann vegna sviksamlegrar blekkingar eða líka öðlast rétt til að aðlaga samninginn.

Réttur okkar til riftunar, uppsagnar eða samningsaðlögunar gildir aðeins ef við höfum, með sérstakri tilkynningu í textaformi, bent þér á afleiðingar þess að brjóta gegn tilkynningaskyldu. Áðurgreindan rétt getum við aðeins nýtt innan 5 ára frá samningsgerð. Þetta gildir ekki um tryggingatilkvæmi sem upp koma fyrir lok þessa frests. Ef þú eða hinn tryggði hafið brotið gegn tilkynningaskyldu af ásettu ráði eða sviksamlega, þá er fresturinn tíu ár.

(5) Ef við hækkuð iðgjaldið um meira en 10% við samningsaðlögun, eða útilokum það að váttryggja fyrir aðstæðum sem ekki var greint frá, getur þú sagt samningnum upp samkvæmt 6. mgr. § 19 VVG.

a) Málsgreinar 1 til 5 gilda, eftir því sem við á, um breytingu sem rýmkar greiðsluskyldu okkar eða við endurheimt tryggingarinnar. Við breytingu eða endurheimt tryggingarinnar taka frestir samkvæmt 4. mgr. gildi á ný, hvað breytta eða endurheimta hlutann snertir.

b) Nýting samningsgerðarréttar samkvæmt þessari reglugerð (riftun, uppsögn eða samningsaðlögun) skal vera skrifleg, hvort sem þú eða við nýtum samningsgerðarréttinn. Hafirðu ekki tilnefnt neinn annan sem umboðsmað þinn, telst tryggingarþegi hafa umboð til að taka við yfirlýsingum okkar að þér látnum. Ef enginn tryggingarþegi er fyrir hendi eða reynist ekki hægt að finna aðsetur hans getum við litið svo á að eigandi tryggingarskírteinisins hafi umboð til að taka við yfirlýsingunni.

§ 22 Hvað gildir í herþjónustu, róstum eða stríði eða við notkun eða losun kjarna-, sýkla- eða efnavopna/efna?

(1) Meginreglan er að greiðsluskylda okkar gildir, óháð því hvað veldur bótaskyldunni. Við veitum, og sér í lagi, tryggingarvernd þegar hinn tryggði, eða í félagatryggingum einn hinna tryggðu, lætur lífið við her- eða löggæslustörf eða í innanlandsátökum.

(2) Við andlát hins tryggða, eða í félagatryggingum eins hinna tryggðu, fyrir upphaf töku ellilífeyris, í beinum eða óbeinum tengslum við stríðsátök, skerðist greiðsluskylda okkar. Í því tilviki takmarkast greiðslur úr ellilífeyrisþætti og úr inniföldum þætti höfuðstóls við andlát, við endurkaupsvirði, reiknað á viðmiðunardegi (§ 19). Endurkaupsvirðið er reiknað miðað við fyrsta dag næsta mánaðar eftir dánardægur. Útborgun fer aðeins fram ef endurkaupsvirði er greitt við uppsögn á sama tíma. Frádráttur samkvæmt 1. mgr. b § 19 fer ekki fram.

Þessi takmörkun greiðsluskyldu okkar fellur niður ef hinn tryggði, eða í félagatryggingum einn hinna tryggðu, lætur

lífið í beinum eða óbeinum tengslum við stríðsatburði sem hann lenti í en tók ekki virkan þátt í meðan hann dvaldi utan Sambandslýðveldisins Þýskalands.

(3) Við fráfall hins tryggða, eða í félagatryggingum eins hinna tryggðu, fyrir upphaf töku ellilífeyris, í beinum eða óbeinum tengslum við notkun kjarna-, sýkla- eða efnavopna af ásettu ráði, eða notkun eða losun geislavirkra, líffræðilegra eða kemískra efna af ásettu ráði, takmarkast greiðsluskylda okkar samkvæmt ákvæðum í 2. mgr. Þetta gildir aðeins ef notkunin eða losunin miða að því að stofna lífi fjölda fólks í hættu. Frádráttur samkvæmt 1. mgr. b § 19 fer ekki fram. Málsgrein 2 helst óbreytt.

Þessi takmörkun greiðsluskyldu okkar fellur niður ef um er að ræða atburð, takmarkaðan í tíma og rúmi, þar sem ekki fleiri en 1.000 manns farast þegar í stað eða munu fjárfestir lástast eða bíða varanlegt alvarlegt heilsutjón innan fimm ára vegna atburðarins. Óháður matsmaður skal prófa og staðfesta forsendur þess að takmörkun greiðsluskyldu okkar falli niður.

(4) Gildi takmörkun á greiðsluskyldu okkar samkvæmt 2. eða 3. mgr. þegar hinn tryggði fellur frá, þá lækka greiðslur úr inniföldum þáttum eftirlífendalífeyris niður í þá upphæð endurkaupsvirðis sem við getum greitt án frádráttar, reiknað án frádráttar á viðmiðunardegi samkvæmt 2. mgr. (sjá § 169 VVG).

§ 23 Hvað gildir við sjálfsvíg hins tryggða eða eins hinna tryggðu?

(1) Við sjálfsvíg greiðum við ef 3 ár eru liðin frá gerð samningsins.

(2) Við sjálfsvíg fyrir lok þriggja ára frestsins helst tryggingarverndin aðeins ef okkur er sýnt fram á að vígið hafi verið framíð í sjúklegu geðtruflunarástandi sem útilokaði frjálsa viljaákvörðun eða undir þrýstingi þungbærra, líkamlegra þjáninga. Annars takmarkast greiðsluskylda okkar úr ellilífeyrisþættinum og inniföldum þætti höfuðstóls við fráfall, við endurkaupsvirðið reiknað á viðmiðunardegi (§ 19) og nemur í hæsta lagi umsaminni greiðslu við fráfall. Endurkaupsvirðið miðast við fyrsta dag næsta mánaðar eftir andlátsdag. Frádráttur samkvæmt 1. mgr. b § 19 fer ekki fram.

(3) Gildi takmörkun á greiðsluskyldu okkar samkvæmt 2. mgr. þegar hinn tryggði fellur frá, þá lækka greiðslur úr inniföldum þáttum eftirlífendalífeyris niður í þá upphæð endurkaupsvirðis sem við getum greitt án frádráttar, reiknað á viðmiðunardegi samkvæmt 2. mgr. án frádráttar (sjá § 169 VVG).

(4) Málsgreinar 1 til 3 gilda einnig við breytingu sem víkkar greiðsluskyldu okkar eða við endurheimt tryggingarinnar. Við breytingu eða endurheimt tryggingarinnar byrjar þriggja ára fresturinn að nýju, hvað breytta eða endurheimta hlutann varðar, eftir því sem við á.

§ 24 Hvað ber að hafa í huga þegar tryggingargreiðsla gjaldfellur?

(1) Þegar farið er fram á bótageiðslu samkvæmt samningnum getum við krafist þess að tryggingarskírteinið sé lagt fram og opinbert vottorð um fæðingardag hins tryggða.

(2) Á undan sérhverri lífeyrisgreiðslu getum við krafist opinbers vottorðs, á okkar kostnað, um að hinn tryggði sé enn á lífi.

(3) Andlát hins tryggða, eða í félagatryggingum eins hinna tryggðu, ber að tilkynna okkur tafarlaust. Eftirtalin gögn ber að afhenda okkur:

- opinbert vottorð um fæðingardagopinbert

- dánarvottorð þar sem tilgreindur er aldur og fæðingarstaður.

Lífeyrisgreiðslur sem tekið er á móti í heimildarleysi ber að endurgreiða okkur.

(4) Ef þáttur eftirlifendalífeyris er innifalinn eða ef samið var um endurgreiðslu iðgjalds, ber að auki að senda okkur eftirtalin gögn:

a) ef trygging er án áhættukönnunar: vottorð um dánarorsök

b) ítarlegt vottorð læknis eða embættis um dánarorsök og um byrjun og feril sjúkdómsins sem dró hinn tryggða, eða í félagatryggingum einn hinna tryggðu, til dauða.

(5) Til að sannreyna greiðsluskyldu okkar getum við krafist frekari nauðsynlegra sannana og sjálf gert nauðsynlegar rannsóknir. Kostnað sem tengist gagnaöflun ber sá sem krefst tryggingargreiðslunnar.

(6) Við millifærum greiðsluna til rétthafa móttöku, á hans kostnað. Við millifærslur til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins ber rétthafi móttöku einnig þá áhættu sem því er samfara.

§ 25 Hvað felst í tryggingarskírteininu?

(1) Við getum litið svo á að eigandi tryggingarskírteinis hafi heimild til að ráðstafa réttindum samkvæmt tryggingarsamningnum, sérstaklega til að taka við greiðslum. En við getum krafist þess að eigandi tryggingarskírteinis sanni okkur rétt sinn.

(2) Í þeim tilvikum sem tilgreind eru í 4. mgr. § 28, þurfum við aðeins að samþykka sönnunargögnin ef við höfum móttekið skriflega tilkynningu fyrri rétthafa.

§ 26 Hvað gildir um tilkynningar og yfirlýsingar sem varða tryggingarsambandið?

Tilkynningar og yfirlýsingar sem varða tryggingarsambandið geta haft afdrifarík áhrif. Þær ættu alltaf að vera í textaformi eða skriflegar, einnig þótt hvorki sé gert ráð fyrir því í lögum né í samningnum.

§ 27 Hvað gildir samkvæmt lögum ef þú tilkynnir okkur ekki um breytingar á heimilisfangi þínu eða nafni?

(1) Ef þú hefur ekki tilkynnt okkur um breytingu á heimilisfangi þínu eða nafni nægir, fyrir viljayfirlýsingu sem þér er ætluð, að senda hana í ábyrgðarpósti á það heimilisfang þitt sem okkur var síðast kunnugt um, undir því nafni sem okkur var síðast kunnugt um. Þremur dögum eftir að bréfið var sent telst yfirlýsingin móttekin.

(2) Ef þú gafst upp heimilisfang fyrirtækis vegna tiltekinna tryggingar gildir 1. mgr. við flutning fyrirtækisins eftir því sem við á.

(3) Ef þú dvelur langdvölum utan Sambandslýðveldisins Þýskalands ættir þú, líka eigin hagsmuna vegna, að tilnefna einhvern sem býr þar og hefur umboð til að taka við tilkynningum okkar til þín (póstfulltrúi).

§ 28 Hver fær tryggingargreiðslurnar?

(1) Greiðslur samkvæmt samningnum innum við af hendi til þín sem tryggingartaka eða til erfingja þinna ef þú hefur ekki tilgreint neinn annan sem á að eignast kröfurnar úr samningnum þegar til bótaskyldu kemur (tryggingarþegi). Þangað til að bótaskyldu kemur má afturkalla rétt tryggingarþega hvenær sem er.

(2) Þú getur kveðið skýrt á um að tryggingarþegi skuli eignast kröfur samkvæmt samningnum strax og óriftanlega. Eftir að við höfum fengið yfirlýsingu þína er aðeins hægt að nema þennan rétt tryggingarþegans úr gildi með samþykki þess sem þú tilgreindir.

(3) Þú getur líka afsalað þér eða veðsett réttindi þín samkvæmt samningnum.

(4) Veiting og afturköllun móttökuréttar tryggingarþegans sem og afsal eða veðsetning krafna samkvæmt samningnum öðlast því aðeins og þá fyrst gildi gagnvart okkur, þegar fyrrverandi tryggingarþegi hefur tilkynnt okkur slíkt skriflega. Fyrrverandi tryggingarþegi er yfirleitt þú; en það geta líka verið aðrir, ef þú hefur þegar gert viðeigandi ráðstafanir áður.

§ 29 Hvernig er samningsgerðar- og rekstrarkostnaður dreginn af iðgjöldum þínum?

Samningsgerðar- og rekstrarkostnaði sem ákveðinn er við iðgjaldsútreikninga jöfnum við með jöfnum árlegum upphæðum á tímabil sem er minnst 5 ár en ekki lengra en til loka iðgjaldagreiðslutímans. Ef þú greiðir einstakt iðgjald millifærum við samningsgerðar- og rekstrarkostnaðinn þegar í stað.

§ 30 Fyrir hvaða kostnað getum við krafði þig sérstaklega um greiðslu?

(1) Ef eitthvað af þínum völdum orsakar aukalega umsýslu getum við, ef ekki var samið um annað, reiknað meðalskostnað sem fast gjald og innheimt það sérstaklega. Þetta gildir við:

- útgáfu annars eintaks tryggingarskírteinis eða afrit af tryggingarskírteini
- veitingu gjaldfrests þegar framhaldsiðgjöld eru ekki greidd
- vanskil iðgjalda
- endursendingu skuldfærslubeiðna
- frágang breytinga á samningi
- vinnu við afsöl og veðsetningar
- öflun yfirlýsinga einstaklinga um lausn undan þagnarskyldu
- millifærslu iðgjalds þíns frá stað eða millifærslu greiðslu okkar til staðar utan Sambandslýðveldisins Þýskalands.

(2) Upphæð kostnaðar sem til fellur af ástæðum sem tilgreindar eru í 1. mgr. má sjá í meðfylgjandi kostnaðaryfirliti. Við getum breytt kostnaði til framtíðar eftir sanngjörnu mati (sjá § 315 Borgaralegrar lögbókar, BGB). Gildandi kostnaðaryfirlit hverju sinni má fá hjá okkur hvenær sem er. Ef kostnaður sem til fellur af ástæðum sem tilgreindar eru í 1. mgr. er ekki skráður í kostnaðaryfirlitinu helst 1. mgr. þó óbreytt.

(3) Þú átt þess kost að sanna að af þínum völdum hafi ekki orðið til nein eða eingöngu minni umsvif og kostnaður.

§ 31 Hvaða réttarreglur gilda?

Um þennan samning gilda þýsk lög.

§ 32 Hvar er hægt að bera fram kröfur fyrir rétti?

(1) Kæur sem byggja á samningnum má bera undir dómstól með lögsögu þar sem aðalstöðvar okkar eru eða það útibú sem sinnir þér hefur aðsetur.

Sá dómstóll er líka dómbær í kærumálum sem hefur lögsögu þar sem þú, þegar málið er höfðað, átt lögheimili eða þar sem þú hefur venjulega aðsetur ef lögheimili er ekki til. Þetta ákvæði gildir ekki um lögpersónur.

(2) Við getum eingöngu lagt fram kæur gegn þér hjá dómstóli sem hefur lögsögu þar sem þú, þegar málið er höfðað, átt lögheimili eða þar sem þú hefur venjulega aðsetur ef lögheimili er ekki til.

Fyrir kæur gegn lögaðilum ákvarðast dómbær dómstóll af aðsetri aðalstöðva þeirra eða útibús. Ef fleiri varnarþing eru til, lögum samkvæmt, getum við einnig lagt fram kæur okkar þar.

(3) Ef ekki er kunnugt um lögheimili þitt eða venjulegt aðsetur þegar málið er höfðað, ákvarðast dómbær dómstóll fyrir kæur vegna samningsins af aðsetri aðalstöðva okkar eða þess útibús sem sinnir þér. Þetta gildir eftir því sem við á ef tryggingartaki er lögpersóna og aðsetur aðalstöðva hans er óþekkt.

C Breytingar og viðbætur við almenna tryggingarskilmála fyrir ellilífeyrisþáttinn: Framtíðarlífeyrir Klassík

Hvað gildir þegar samið er um frávík við ráðstöfun hagnaðarluta á biðtíma?

FL 1

Ef samið var um einstaklingsbundinn gjaldskrárbónus í bakábyrgðartryggingu:

Í stað 2. mgr. c § 2 kemur:

„c) Á biðtímanum fjármögnum við, með árlegum hagnaðarluta tryggingarþáttarins og með árlegum hagnaðarlutum annarra innifalinnna þátta - ef þeim hefur ekki verið ráðstafað í annað samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda -, iðgjaldsfrían rétt til aukagreiðslu (einstaklingsbundinn gjaldskrárbónus). Árlegu hagnaðarlutarnir sem hefur verið ráðstafað á þennan hátt eru þá bundnir til að fjármagna viðbótargreiðslur. Þeir eru því ekki til reiðu til að fjármagna hugsanlega nauðsynlegt endurmat bótasjóðsins, t.d. vegna þess að lífslíkur verða lengri en gert er ráð fyrir í reikniforsendum.

Í þessum greiðslum felst aukalegur tryggður höfuðstóll til ellilífeyris og aukalegur höfuðstóll við andlát. Í höfuðstóli við andlát samsvara bónusgreiðslurnar alltaf tryggðum höfuðstóli til ellilífeyris. Upphæð bónusgreiðslna fer eftir viðkomandi gjaldskrárákvæðum. Iðgjaldabónusar eiga síðan hlutdeild í hagnaði.“

FL 2

Ef samið var um „lífendabónus, tilbrigði E“:

Í stað 2. mgr. c § 2 kemur:

„c) Á biðtímanum fjármögnum við, með árlegum hagnaðarluta tryggingarþáttarins og með árlegum hagnaðarlutum annarra innifalinnna þátta - ef þeim hefur ekki verið ráðstafað í annað samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda -, iðgjaldsfrían rétt til aukalegs tryggðs lífeyris (lífunarbónus). Árlegum hagnaðarlutum er þannig ráðstafað til að fjármagna viðbótargreiðslur. Þeir

eru því ekki til reiðu til að fjármagna hugsanlega nauðsynlegt endurmat bótasjóðsins, t.d. vegna þess að lífslíkur verða lengri en gert er ráð fyrir í reikniforsendum.

Ef samið var um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku felst sú andlátstryggingarvernd einnig í lífendabónusnum. Lífendabónus á fyrir sitt leyti hlutdeild í hagnaði og gjaldfellur með tryggðum lífeyri úr grunnþættinum.

Upphæð greiðslna úr bónusnum ákvarðast af viðeigandi gjaldskrárákvæðum.“

FL 3

Ef samið var um „lífendabónus, tilbrigði T“:

Í stað 2. mgr. c § 2 kemur:

„c) Á biðtímanum fjármögnum við, með árlegum hagnaðarluta tryggingarþáttarins og með árlegum hagnaðarlutum annarra innifalinnna þátta - ef þeim hefur ekki verið ráðstafað í annað samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda -, iðgjaldsfrían rétt til aukalegrar greiðslu (lífunarbónus). Árlegum hagnaðarlutum er þannig ráðstafað til að fjármagna viðbótargreiðslur. Þeir eru því ekki til reiðu til að fjármagna hugsanlega nauðsynlegt endurmat bótasjóðsins, t.d. vegna þess að lífslíkur verða lengri en gert er ráð fyrir í reikniforsendum.

Í þessum greiðslum felst fyrst aukalegur tryggður lífeyrir. Frá þeim tímapunkti þegar heildarupphæð bótahöfuðstóla grunnþáttarins, þáttarins höfuðstóll við andlát og þáttarins lífendabónus yrði hærri en heildargreiðsla við andlát, felur lífendabónus einnig í sér aukalegan þátt höfuðstóls við andlát.

Hann er þannig upp byggður að heildarupphæð bótahöfuðstóla grunnþáttarins, þáttarins höfuðstóll við andlát og þáttarins lífendabónus samsvarar heildargreiðslu við andlát.

Ef samið var um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku felst sú andlátstryggingarvernd einnig í lífendabónusi. Lífendabónus á svo fyrir sitt leyti hlutdeild í hagnaði og gjaldfellur með greiðslum úr grunnþættinum.

Upphæð greiðslna úr bónusnum ákvarðast af viðeigandi gjaldskrárákvæðum.“

FL 4

Ef samið var um „millifærslu“ innan hópsamninga:

Svo lengi sem iðgjöld eru greidd á biðtímanum gildir eftirfarandi í stað ákvæðanna í 2. mgr. c § 2:

„Árlegir hagnaðarlutur eru mótbókaðir á móti iðgjöldunum þegar þeir berast eða eru færðir til tekna á iðgjaldareikning samningsaðila.“

Hvað gildir þegar samið er um frávík við ráðstöfun hagnaðarlutdeildar eftir að lífeyrisgreiðsla hefst?

FL 5

Ef samið var um „útborgun hagnaðarluta“:

Í stað 2. mgr. d og e § 2 kemur:

„d) Eftir upphaf lífeyristöku greiðum við árlega hagnaðarluta tryggingarþáttarins og árlega hagnaðarluta annarra innifalinnna þátta - ef þeim hefur ekki verið ráðstafað í annað samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda -, ásamt elli- og eftirlífendalífeyrinum í samræmi við greiðsluhátt þeirra, í fyrsta skipti á þeim degi þegar 1 ár er liðið frá upphafi lífeyristöku.

Þú getur tilkynnt okkur skriflega hvenær sem er á biðtímanum að þú viljir ráðstafa hagnaðarlutunum eftir

upphaf lífeyristöku á annan hátt en samið var um við samningsgerð. Þú verður að leggja umsóknina fram minnst 1 mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.

e) Auk árlegra hagnaðarluta getur lokahagnaðarluti bæst við í samningslok eða við upphaf töku elli- eða eftirlífendalífeyris. Upphæð þessa lokahagnaðarluta er ákveðin með hliðsjón af rekstrarafkomu hverju sinni, vaxtaþróun á fjármagnsmarkaði og þróun dánartíðni. Bætist lokahagnaðarluti við þegar samningi lýkur er hann greiddur út í einu lagi. Með lokahagnaðarluta við upphaf töku elli- eða eftirlífendalífeyris fjármögnum við hækkan tryggðs lífeyris. Lokahagnaðarlutar eru ákveðnir hverju sinni fyrir bótamál hvers reikningsárs.

FL 6

Ef samið var um „viðbótarlífeyri“:

Í stað 2. mgr. d og e § 2 kemur:

„d) Eftir upphaf lífeyristöku fjármögnum við með árlegum hagnaðarluta tryggingarþáttar þins og með árlegum hagnaðarluta annarra innifalinnna þátta - ef þeim hefur ekki verið ráðstafað í annað samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda - árlega, á þeim degi sem lífeyrisgreiðsla hófst, aukalega iðgjaldsfria greiðslu. Í henni felst ellilífeyrir og, ef þátturinn eftirlífendalífeyrir er innifalinn frá upphafi lífeyristöku, eftirlífendalífeyrir. Hlutfall hans af ellilífeyri er jafnt og samsvarandi hlutfall við upphaf lífeyristöku. Viðbótargreiðslur á hverjum tíma eiga, eins og tryggðu greiðslurnar, sjálfar hlutdeild í hagnaði með iðgjaldsfríum viðbótargreiðslum.“

Þú getur tilkynnt okkur skriflega hvenær sem er á biðtímanum að þú viljir nýta hagnaðarlutana eftir upphaf lífeyristöku á annan hátt en samið var um við samningsgerð. Þú verður að leggja umsóknina inn minnst 1 mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.

e) Auk árlegra hagnaðarluta getur lokahagnaðarluti bæst við í samningslok eða við upphaf töku elli- eða eftirlífendalífeyris. Upphæð þessa lokahagnaðarluta er ákveðin með hliðsjón af rekstrarafkomu hverju sinni, vaxtaþróun á fjármagnsmarkaði og þróun dánartíðni. Bætist lokahagnaðarluti við þegar samningi lýkur er hann greiddur út í einu lagi. Með lokahagnaðarluta við upphaf töku elli- eða eftirlífendalífeyris fjármögnum við hækkan tryggðs lífeyris. Lokahagnaðarlutar eru ákveðnir hverju sinni fyrir bótamál hvers reikningsárs.

Í stað 6. mgr. § 6 kemur:

„(6) Á meðan tímabundinn lífeyrir er greiddur öðlast þú líka hagnaðarlutdeild í skilningi § 2. Hlutfall hagnaðarlutdeildar tryggingarinnar getur verið frábrugðið þeim hlutfallstölum hagnaðarlutdeildar sem tilgreindar eru fyrir undirflokk tryggingarinnar í ársskýrslu okkar. Ef sérstakar hlutfallstölur hagnaðarlutdeildar gilda um trygginguna þá greinum við þér frá því fyrir upphaf töku tímabundins lífeyris.“

Eftir upphaf töku lífeyris fjármögnum við aukalegan iðgjaldsfrían tímabundinn lífeyri með árlegu hagnaðarlutum tímabundna lífeyrisins í hvert sinn sem nýtt heilt ár er liðið frá upphafi töku lífeyris. Þessi viðbótarlífeyrir öðlast svo fyrir sitt leiti, á sama hátt og tímabundni lífeyririnn sjálfur, hlutdeild í hagnaðinum. Frábrugðið því sem segir í fjórðu setningu 2. mgr. a í § 2 fjármögnum við með lokahagnaðarluta við upphaf töku tímabundins lífeyris hækkan á tryggðum tímabundnum lífeyri frá og með upphafi lífeyristöku.

FL 7

Ef samið var um „samsettan hagnaðarlífeyri“:

Í stað 2. mgr. d § 2:

„d) Eftir upphaf lífeyristöku fjármögnum við með árlegum hagnaðarluta tryggingarþáttar þins og árlegum hagnaðarluta annarra innifalinnna þátta - ef þeim hefur ekki verið ráðstafað í annað samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda - samsettan hagnaðarlífeyri. Í honum felst aukalegur iðgjaldsfrí ellilífeyrir og hækkan áður áunnins ellilífeyris. Ef þátturinn eftirlífendalífeyrir er innifalinn eftir upphaf lífeyristöku felur samsettur hagnaðarlífeyrir einnig í sér eftirlífendalífeyri. Hlutfall hans af ellilífeyri er jafnt og samsvarandi hlutfall við upphaf lífeyristöku.

Árleg hækkan heildargreiðslna á sér fyrst stað frá og með 6. ári lífeyrisgreiðslna og miðast þá hækkanin í hundradshlutum við heildargreiðslur fyrra árs.

Á biðtímanum geturðu hvenær sem er tilkynnt okkur skriflega að þú viljir ráðstafa hagnaðarluta á lífeyrisgreiðslutímanum á annan hátt en ákveðið var við samningsgerð. Þú verður að leggja umsóknina fram í síðasta lagi 1 mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.

Breyting á hlutfallstölu hagnaðarlutdeildar getur ekki aðeins breytt framtíðarhækkunum heldur einnig greiðslum sem þegar eru til komnar vegna samsetts hagnaðarlífeyris. Þannig er bæði hækkan og lækkan samsetts hagnaðarlífeyris hugsanleg. Lækkan getur þó í mesta lagi farið niður í tryggðan lífeyri við upphaf lífeyristöku. Við upphaf lífeyristöku og við allar seinni breytingar upplýsum við þig um upphæð áðurnefndrar iðgjaldslausrar aukagreiðslu og hækkanarhlutfallið.“

Í stað fjórðu setningar 2. mgr. e § 2 kemur:

„Með lokahagnaðarluta eftir upphaf töku elli- eða eftirlífendalífeyris fjármögnum við hækkan samsetts hagnaðarlífeyris (sjá bókstaf d), en hann er ekki hægt að ábyrgjast.“

Hvað gildir um tryggingar innan hópsamninga?

FL 8

(1) Orðin „trygging“ og „samningur“ eiga - einkum varðandi tryggingargreiðslur og fresti - við tiltekna (hluta-) tryggingu en ekki við hópsamninginn.

(2) „Iðgjald“ í § 11 á við upphafsstöðu hópsamningsins.

(3) Réttaráhrif við vanskil, sem nefnd eru í § 13 og § 14, gilda um hópsamninginn, líka þótt aðeins sé um vanskil að hluta að ræða.

Hvað gildir um tryggingar á sértöxtum?

FL 9

Ef þáttur til sameiginlegrar framfærslu eftirlífenda er innifalinn í tryggingunni:

Í stað 2. mgr. b § 7 kemur:

„Ef þú segir tryggingu þinni upp á viðbótarbiðtíma greiðum við samkvæmt § 19.“

Í stað 7. mgr. c § 2 kemur:

„Ef aðrir þættir eru innifaldir gildir:

- Höfuðstóll við fráfall eftir töku eftirlífendalífeyris, sem samið er um fyrir frestað upphaf lífeyristöku breytist.
- Þættinum höfuðstóli við fráfall, þættinum örorkuframfærsla eða viðbótarslysaftryggingu verður ekki frestað.
- Greiðslur annarra innifalinnna þátta hækka í sama hlutfalli og tryggður lífeyrir.

Um greiðslubreytingar gilda viðeigandi gjaldskrárákvæði. Við tilkynnum þér um breytingarnar ef óskað er.

Í stað 2. og 3. mgr. § 19 kemur:

„(2) Sérstök atriði í samningum með sameiginlegri eftirlifendaframfærslu

Ef þú segir tryggingunni upp og greiðir reglubundin iðgjöld gerum við tryggingu þína iðgjaldsfria samkvæmt 1. mgr. § 18. Ef iðgjaldsfri tryggður lífeyrir er lægri en 200 EUR á ári greiðum við í staðinn endurkaupsvirðið sem reiknað er samkvæmt 1. mgr. Með útborgun endurkaupsvirðisins fellur tryggingin niður. Ef trygging þín er iðgjaldsfri geturðu ekki sagt henni upp.

Hvað gildir um lífeyrisgreiðslur fyrirtækja?

FL 10

(1) Einstök viðbótargreiðsla eftir umbreytingu í iðgjaldsfria tryggingu

Um tryggingar sem samið var um innan ramma ellilífeyris fyrirtækis gildir að eftir breytingu í iðgjaldsfria tryggingu getur þú, innan 6 mánaða, hækkað iðgjaldslausan tryggðan lífeyri með einstakri viðbótargreiðslu og án áhættukönnunar. Hækkunin getur þó aðeins náð upphæð iðgjaldsskylds tryggðs lífeyris sem tryggður var þegar tryggingin var gerð iðgjaldsfri.

Ef fleiri þættir felast í iðgjaldsfri tryggingunni hækka tryggðar greiðslur úr þeim þannig að hlutfall greiðslna úr einstökum þáttum innbyrðis helst óbreytt.

Hækkun iðgjaldslausu tryggingagreiddslunnar, sem verður til við viðbótargreiðsluna, er reiknuð út eftir viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar og miðast við viðkomandi gjaldskrárákvæði. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

(2) Iðgjaldsgreiðsla

Eins þegar iðgjald er greitt mánaðarlega er hægt að semja um að iðgjaldsgreiðsla fari ekki fram með skuldfærslu. Í þessu tilviki fellur 2. mgr. § 12, síðasta setning, niður.

(3) Tryggingarvernd í umönnunartilfellum § 10 fellur niður.

(2) Tryggingarvernd endurheimt § 20 mgr. 2 3. mgr. fellur niður hafi tryggingin verið gerð iðgjaldsfri vegna fæðingarorlofs.

FL 10a

Hagnaðarhlutdeild

Takmörkun örorkulífeyris sem tilgreind er 2. mgr. c í § 2, seinni þankastriksmerktum kafla, fellur niður.

Hvað gildir um tryggingar innan ramma barnabótalífeyris KinderPolice Klassik?

FL 11

Yfirfærsla samningsforsendna tryggingataka yfir á hinn tryggða:

Þegar hinn tryggði er orðinn fullra 18 ára má yfirfæra samning tryggingataka á hinn tryggða. Þar með verður hann viðsemjandi okkar.

Í stað 16. mgr. § 2 kemur:

„Forsendur fyrir viðbótargreiðslu eru:

- Hver einstök viðbótargreiðsla nemur minnst 200 EUR.
- Heildarupphæð viðbótargreiðslna á einu tryggingarári nemur í hæsta lagi 20.000 EUR.

Hafir þú innifalið þáttinn höfuðstól við fráfall gildir auk þess eftirfarandi skilyrði:

- Heildarupphæð viðbótargreiðslna á einu tryggingarári er ekki hærrí en heildarupphæð umsaminna iðgjalda á einu tryggingarári.
- Höfuðstóll við fráfall og höfuðstóllinn úr öllum samningum tiltekins tryggðs einstaklings sem í gildi eru hjá Allianz-Lebensversicherungs AG, - en sá höfuðstóll myndar grundvöll vaxta af höfuðstól við fráfall - , fari ekki, að viðbættri viðbótargreiðslunni, yfir 250.000 EUR“.

Hvað gildir þegar samið er um frávik ef um er að ræða höfuðstólsgreiðslu við fráfall eftir upphaf lífeyristöku ?

FL 12

Í stað 1. mgr. § 3 kemur:

„(3) Andist hinn tryggði á lífeyrisgreiðslutímanum greiðum við áunninn tryggðan höfuðstól við upphaf lífeyristöku (§ 5) að frádrögnum þeim ellilífeyri sem þegar er greiddur, (að meðtöldum greiðslum úr hagnaðarhlutdeild). Með greiðslu upphæðarinnar fellur tryggingin niður.“

2. mgr. § 8 fellur niður. Í stað § 9 kemur:

„Allt til þess er taka ellilífeyris hefst má semja um að í stað umsaminna höfuðstólsgreiðslu við andlát eftir upphaf lífeyristöku verði í staðinn tryggð andlátsgreiðsla sem sé margfaldur tryggður árlegur lífeyrir eftir upphaf lífeyristöku. Áhættukönnun er ekki nauðsynleg. Upphæð andlátsgreiðslunnar eru sett efri mörk sem eru m.a. háð bæði umsömdum aldri við upphaf lífeyristöku og meðaltalslíflíkum, og í tímabundnum lífeyri samkvæmt § 6 einnig háð umsömdum lífeyrisgreiðslutíma. Við tilkynnum þér um efri mörkin ef óskað er. Fyrir breytta höfuðstólsgreiðslu við andlát kann að verða nauðsynlegt að greiða aukalegt iðgjald. Upphæð þess fer eftir viðkomandi gjaldskrárákvæðum. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er. Fyrir umsókn um breytingu verður að virða sömu fresti og lýst er í 1. mgr. § 5.“

Hvað gildir ef þú semur um að hafna möguleikanum á að velja milli tryggðs lífeyris og höfuðstólsgreiðslu samkvæmt § 5?

FL 13

(1) Í tryggingu þinni er ekki samið um „tryggðan höfuðstól.“ Reglurnar í tryggingarskilmálunum sem eiga við tryggðan höfuðstól eru þar með merkingarlaugar fyrir tryggingu þína.

(2) § 4 fellur niður.

(3) § 5 fellur niður.

(4) § 6 fellur niður.

Hvað gildir ef þú hefur samið um „Viðbótarlífeyri“ í tímabundnum lífeyri samkvæmt § 6?

FL 14

Í stað 6. mgr. § 6 kemur:

„(6) Á meðan tímabundinn lífeyrir er greiddur öðlast þú líka hagnaðarhlutdeild í skilningi § 2. Hlutfall hagnaðarhlutdeilda tryggingarinnar getur verið frábrugðið þeim hlutfallstölum hagnaðarhlutdeilda sem tilgreindar eru fyrir undirflokk tryggingarinnar í ársskýrslu. Ef sérstakar hlutfallstölur hagnaðarhlutdeilda gilda um trygginguna greinum við þér frá því fyrir upphaf töku tímabundna lífeyrisins.

Eftir upphaf lífeyristöku fjármögnum við aukalegan iðgjaldsfrían tímabundinn lífeyri með árlegu hagnaðarhlutum tímabundna lífeyrisins, í hvert sinn sem heilt ár er liðið frá byrjun lífeyrisgreiðslu þessi viðbótarlífeyrir öðlast svo fyrir sitt leiti, á sama hátt og tímabundni lífeyririnn sjálfur, hlutdeild í hagnaði.

Frábrugðið því sem segir í fjórðu setningu 2. mgr. e í § 2 fjármögnum við hækkun á tryggða tímabundna lífeyrinum við upphaf töku tímabundna lífeyrisins, frá og með upphafi lífeyristöku, með því að ráðstafa til þess lokahagnaðarhlutanum.